



Óvissa ríkir um framtíð álversins í Straumsvík en Rio Tinto, eigandi þess, útilokar ekki að því verði lokað. Fundað var með starfsmönnum í gærmorgun þar sem farið var yfir erfiða rekstrarstöðu álversins en eigendur segja það óaróbært vegna háa raforkukostnaðar. Kallað hefur verið eftir endurskoðun raforkusamninga. Sjá nánar síðu 8. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja ræða við aðila sem gæti haft upplýsingar um Jón Þröst

Einkaspæjara sem leitar Jóns Þratar Jónssonar og ráðinn var af systur og unnustu hans hafa borist nýjar vísbendingar í málinu. Nú er leitað að einstaklingi sem gæti verið vistaður í fangelsi í tilteknu Evrópulandi sem gæti veitt mikilvægar upplýsingar um hvarf Jóns Þratar. Rétt ár er nú liðið frá hvarfi hans.

MANNSHVÖRF Einkaspæjaranum Liam Brady, sem falið var að leita Jóns Þratar Jónssonar, hafa borist nýjar vísbendingar um hvarfið. Brady staðfestir við Fréttablaðið að hann og samstarfsmaður hans séu nú að leita að einstaklingi sem gæti verið vistaður í fangelsi í tilteknu Evrópulandi. Telur hann að þessi aðili gæti veitt mikilvægar upplýsingar um hvarf Jóns og leitt rannsóknina áfram.

Frá þessu var greint í írsku dagblaðinu Independent. Systir Jóns, Anna Hildur Jónsdóttir, segir að

ákveðið hafi verið að fela Brady að svara fyrir rannsóknina í fjölmiðlum.

„Við erum að vinna með upplýsingar núna sem benda til þess að það sé ákveðinn aðili sem hafi vitneskju um málið,“ segir Brady sem hefur starfað sem einkaspæjari síðan 1976 og komið að manns-hvarfsmálum áður.

Er Brady nú að reyna að fá viðtal við þennan einstakling en telur að það gæti tekið allt að sex vikur. Vill hann ekki segja á þessari stundu í hvaða Evrópulandi sá er.

Ég tel góðar líkur á að þessi einstaklingur vilji tala við mig, en get ekki útilokað að hann vilji það ekki.

Liam Brady, einkaspæjari

„Ég tel góðar líkur á að þessi einstaklingur vilji tala við mig, en get ekki útilokað að hann vilji það ekki,“ segir Brady og ítrekar að fólk geti treyst á trúnað.

Jón Þröstur sást síðast í Dublin

þann 9. febrúar í fyrra en hann fór til Írlands til að taka þátt í póker-móti. Rannsókn lögreglu og leit á svæðinu hefur engu skilað til þessa. Í desember var greint frá því að Anna Hildur og Jana Guðjónsdóttir, unnusta Jóns, hefðu ráðið Brady til að rannsaka hvarfið.

Er þetta það fyrsta sem heyrst af rannsókn Bradys en fjölskylda Jóns er ekki einhuga um rannsóknina. Fyrir utan þennan einstakling segir Brady mjög líklegt að fleiri hafi vitneskju um hvarf Jóns Þratar. „Írland er ekki stórt land,“ segir hann. – khg

Setur Milljarður rís í Hörpu

LÍFIÐ Sólborg Guðbrandsdóttir setur viðburðinn Milljarður rís sem fram fer í Hörpu á morgun. Markmið hátíðarinnar, sem haldin er í áttunda sinn í ár, er að sýna brotapolum ofbeldis samstöðu. Fólk er hvatt til að mæta og dansa gegn ofbeldi.

Sólborg segir mikinn heiður að hafa verið valin til að opna hátíðina en hún hefur verið í fremstu víglínu í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og heldur úti síðunni Fávitar sem er með yfir 25 þúsund fylgjendum á Instagram. – ssp / sjá síðu 34






Hefur þú prófað nýju kjúklíngasteikurnar?



Veður



Hægt vaxandi austanátt og þykkar upp í dag, 13-23 m/s seint um kvöldið, hvassast og dálítill snjóköma syðst og dregur úr frosti. **SJÁ SÍÐU 22**

Viðvaranir um allt land

VEÐUR Appelsínugular viðvaranir hafa verið gefnar út fyrir morgundaginn en þá mun austanstormur, -rok eða ofsaveður ganga yfir landið. Til að byrja með verður veðrið verst á Suðurland- og Vesturlandi en færast svo norður og austur yfir landið.

Í kringum hádegi verða appelsínugular viðvaranir í gildi um allt land. Síðdegis dregur úr vindhraðanum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Appelsínugular viðvaranir munu hins vegar gilda fram á aðfaranótt laugardags á Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra auk Breiðafjarðar.

» Í kringum hádegi verða appelsínugular viðvaranir í gildi um land allt.

Gert er ráð fyrir viðtækum samgöngutruflunum og ekkert ferðaveður er á meðan viðvaranir eru í gildi. Veðurstofan hvetur fólk til að sýna varfærni og fylgjast grannt með veðurspám.

Þannig hefur Icelandair aflýst 22 brottförum til og frá Evrópu en átta aukflug verða farin í dag. Samkvæmt tilkynningu frá félaginu munu áhrifin ná til um átta þúsund farþega en um 1.500 hafa þegið boð um að flýta og breyta flugi. Í gærkvöldi var allt flug til og frá Bandaríkjunum og Kanada enn á áætlun.

Veðurfræðingar brýna einnig fyrir fólk og fyrirtækjum að gæta að lausamunum þar sem líkur eru á foktjóni, sér í lagi sunnan til á landinu. Veðrið gengur niður á föstudagskvöld en veðurfræðingar segja það vera skammvinnan vermi þar sem von er á annarri lægð á laugardaginn sem einnig gæti orðið skæð. –sar, kdi

Á verkfallsvaktinni



Verkfall starfsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg hélt áfram í gær og stendur til miðnættis í kvöld. Verkfallsvakt félagsins heimsótti um 60 staði í gær og var áhersla lögð á grunnskóla en þessi mynd er tekin við Grandaskóla. Urðu verkfallsverðir varir við eitt verkfallsbrot á leikskóla í borginni. Ótímabundið verkfall skellur á næsta mánudag verði enn ósamið. Ekki hefur verið boðað til nýs fundar í deilunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ráðherra fær frumkvæðið

STJÓRNSÝSLA Ráðherra verður skylt að hlutast til um málefni sveitarfélaga sem hafa haft færri en þúsund íbúa lengur en þrjú ár samfleytt, verði frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem nú er til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda að lögum. Samkvæmt frumvarpinu skal ráðherra eiga frumkvæði að því að sameina sveitarfélög með svo litinn íbúafjölda öðru eða öðrum sveitarfélögum eftir nánar tilgreindum reglum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um heimild til að veita tímabundna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda í allt að fjögur ár mæli sérstakar ástæður gegn því að umrætt sveitarfélag myndi stjórnsýslulega heild með nærliggjandi sveitarfélögum. –aa



Sigurður Ingi Jóhannsson.

Fagna komu sólar á Seyðisfjörð með list

List í ljósi er haldin á Seyðisfirði um helgina. Með hátíðinni fagna bæjarbúar endurkomu sólar í bænum en þar sést ekki sólarljós í fjóra mánuði yfir vetrartímann. Listafólk skreytir bæinn og umhverfið með verkum byggðum á ljósi.

SAMFÉLAG „Við fögnum fimm ára afmæli hátíðarinnar nú í ár,“ segir Sesselja Hlín Jónasardóttir, annar skipuleggjandi listahátíðarinnar List í ljósi, sem fram fer á Seyðisfirði um helgina.

„Hátíðin er haldin á þessum tíma ár hvert til að fagna komu sólarinnar í bæinn eftir fjóra mánuði í myrkrunu,“ segir Sesselja, en sólin drífur ekki yfir fjöllin umhverfis bæinn svo mánuðum skiptir yfir vetrartímann.

„Upplifuninni þegar sólin kemur aftur yfir fjöllin er eiginlega ekki hægt að lýsa. Það að fá sólarljósið í andlitið er ótrúlega mikilvægt,“ segir Sesselja og bætir við að það sé vel þess virði að fagna komu sólarinnar.

Fjöldi innlendra og erlendra listamanna sýnir tuttugu verk á hátíðinni og segir Sesselja ekki hægt að setja stemninguna í orð. „Hátíðin er haldin utandyra þar sem við slökkvum öll ljós í bænum og í mínútu er alveg dimmt. Svo lýsum við upp daginn með verkunum,“ segir hún. Verkunum er varpað á hús bæjarins og náttúruna sem umlykur hann.

Una Björg Magnúsdóttir myndlistarkona er ein þeirra sem sýna verk á hátíðinni. Verk hennar, Slow Scene on Ice, verður til sýnis ofan í lóninu í bænum. „Verkið er skúlptúr sem svipar til leikmyndar. Það verður ofan í lóninu og eins og veðrið er má vel vera að það frjósi þarna ofan í,“ segir Una og hlær.

„Ég er búin að vera hérna í vinnudvöl í fjórar vikur og hér eru allir spenntir fyrir hátíðinni og afar stoltir,“ segir Una.

Hún upplifði það í gær þegar sólin teygði sig yfir fjöllin og segir hún líkt og Sesselja að augnablikið hafi verið magnað. „Ég hef aldrei áður



Mikið tilstand var þegar verk Unu var sett upp í lóninu á Seyðisfirði í gær.

„Ég hef aldrei verið svona lengi þar sem sér ekki til sólar í svona langan tíma og það kom mér mikið á óvart hvað þetta hefur mikil áhrif.“

Una Björg Magnúsdóttir, myndlistarkona



verði svona lengi þar sem sér ekki til sólar í svona langan tíma og það kom mér mjög mikið á óvart hvað þetta hefur mikil áhrif á mann,“ segir hún.

Bæði Sesselja og Una segja bæjarbúa taka mikinn þátt í hátíðinni og að allir séu þeir af vilja gerðir að leggja hönd á plóg. „Ég hitti tvær

eldri konur í sundlauginni um daginn og þær sögðu mér frá því að þær væru búnar að vera að leita í geymslunni að gömlum jólaljósum því einhvern vantaði þau,“ segir Una.

Hátíðin hefst í dag með listsýningu í Herðubreið klukkan 17 en vaninn er þó að hún hefjist á föstudegi. „Bæði eigum við von á mörgu fólkum að sunnan og svo er veðurspáin ekki góð fyrir föstudaginn svo við ákváðum að hefja hátíðina á fimmtudegi þetta árið,“ segir Sesselja og bætir við að fjöldi erlendra ferðamanna leggi einnig leið sína í bæinn til að njóta listarinnar og myrkursins. „Ég hef heyrt af fólkum sem er að koma alla leið frá Ástralíu til að upplifa hátíðina.“

Kveikt verður á listaverkum hátíðarinnar klukkan 18 í dag og verða þau til sýnis fram á laugardag. birnadrofn@frettabladid.is

LOK Á POTTA


















LITIR: GRÁTT EÐA BRÚNT
MARGAR STÆRÐIR TIL Á LAGER

HEITIRPOTTAR.IS
HÖFDBAKKI 1
SÍMI 7772000

Tilboðsbílar á góðu verði



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum. Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

 <p>Rnr. 110249</p> <p>RENAULT Captur Intens Nýskr. 09/16, ekinn 47 þ.km, dísil, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 2.190.000 kr.</p> <p>27.177 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146461</p> <p>VW Golf Comfortline Nýskr. 03/18, ekinn 91 þ.km, bensín, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 2.190.000 kr.</p> <p>27.177 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146386</p> <p>FORD Focus ST-Line Nýskr. 06/18, ekinn 73 þ.km, bensín, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 2.090.000 kr.</p> <p>25.953 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146253</p> <p>SUBARU Forester Premium Nýskr. 05/18, ekinn 60 þ.km, bensín, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 3.990.000 kr.</p> <p>49.209 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 285487</p> <p>TOYOTA Prius Hybrid Nýskr. 04/16, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 2.790.000 kr.</p> <p>34.521 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>
 <p>Rnr. 146366</p> <p>SUBARU Outback Lux Eyesight Nýskr. 08/17, ekinn 165 þ.km, dísil, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 3.490.000 kr.</p> <p>43.089 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146365</p> <p>NISSAN Qashqai Tekna 2wd Nýskr. 02/18, ekinn 57 þ.km, dísil, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 3.690.000 kr.</p> <p>45.537 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 110298</p> <p>BMW X1 Sdrive18d 2wd Nýskr. 04/16, ekinn 37 þ.km, dísil, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 3.490.000 kr.</p> <p>43.089 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146264</p> <p>RENAULT Clio Sport Tourer Nýskr. 01/16, ekinn 56 þ.km, dísil, beinskíptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 1.490.000 kr.</p> <p>18.609 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146290</p> <p>NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd Nýskr. 06/17, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 3.590.000 kr.</p> <p>44.313 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>
 <p>Rnr. 392184</p> <p>FORD Fiesta Titanium Nýskr. 05/15, ekinn 84 þ.km, bensín, sjálfskiptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 1.390.000 kr.</p> <p>17.385 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146214</p> <p>RENAULT Kadjar Zen 4wd Nýskr. 06/16, ekinn 66 þ.km, dísil, beinskíptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 2.590.000 kr.</p> <p>32.073 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 392278</p> <p>DACIA Duster 4x4 Nýskr. 02/17, ekinn 89 þ.km, dísil, beinskíptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 1.790.000 kr.</p> <p>22.281 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 392058</p> <p>NISSAN Juke Acenta 2wd Nýskr. 07/18, ekinn 11 þ.km, dísil, beinskíptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 2.690.000 kr.</p> <p>33.297 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	 <p>Rnr. 146537</p> <p>VOLKSWAGEN Polo Trendline Nýskr. 03/18, ekinn 93 þ.km, bensín, beinskíptur.</p> <p>TILBOÐSVERÐ! 1.390.000 kr.</p> <p>17.385 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykll.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánskilmálana á heimasíðunni lykll.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaða frá lykll.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Arion banki neitaði að taka við íslenskri mynt Kínverjans Wei Li

VIÐSKIPTI Arion banki neitaði í gær að taka við íslenskri mynt kínverska ferðamannsins Wei Li. Hafði Li beðið í tvo daga eftir ákvörðun bankans en áður hafði hann sett um 360 þúsund krónur í mynttalningarvél.

„Okkur er ekki skylt að taka við peningum frá aðilum sem eru ekki í viðskiptum við bankann. Þá þurfum við alltaf að fara eftir reglum um peningþvætti og afla upplýsinga um uppruna fjár sem auðvitað verða að vera trúverðugar,“ segir Haraldur Guðni Eiddsson, upplýsingafulltrúi Arion banka.

Að sögn Haraldar stæði ekki á bankanum að endurgreiða Wei Li

krónurnar sínar, bókstaflega.

Li kom til landsins á dögunum með um 170 kíló af íslenskum 100 krónum. Peningarnir voru í misjöfnu ástandi og kveðst Li ekki þekkja uppruna þeirra nema að hluti komi úr samanpressuðum íslenskum bílum. Hann hafði þó komið tvisvar áður í sömu erindum og haft rúmlega fjórar milljónir upp úr því.

Í þessari heimsókn var hluti myntarinnar í nokkuð góðu lagi. Þá peninga fór Li með í myntvél Arion banka á Smáratorgi. Hafði Li verið stöðvaður í nokkrum útibúum en á Smáratorgi náði hann að setja um 360 þúsund krónur í vélna. Þegar

Þau sögðu að peningarnir væru ekki falsaðir en báru því við að ég væri ekki viðskiptavinur.

Wei Li



hann freistaði þess að innleysa inn-eignarnótturnar var honum tjáð að bankinn ætlaði að gefa sér tvo daga til að meta myntina. Li mætti síðan í útibúið í gær og fékk þau skilaboð að bankinn ætlaði ekki að taka við peningunum. „Þau sögðu að peningarnir væru ekki falsaðir en báru því við að ég væri ekki viðskiptavinur,“ segir Li.

Í kjölfarið hafi starfsmenn bankans reynt að afhenda honum mynt til baka og báðu hann um að afhenda inneignarkvittanirnar.

„Ég neitaði því alfarið og spurði hvernig ég gæti verið viss um að þetta væru mínir peningar sem fóru í vélna.“ Hann segist svo hafa yfir-

gefið útibúið á hlaupum eftir að starfsmenn uppgötvuðu að hann var að taka upp samskiptin og hótuðu í kjölfarið að hringja á lögregluna. Li segist ætla að skoða hvort íslenskur lögfræðingur geti aðstoðað sig.

„Ég er með kvittanir upp á inneign í Arion banka. Afganginn ætlaði ég að gefa listamanni eða göðgerðarfélagi en ég hef ekki komist í samband við neina slíka,“ segir Li.

Örþrífarað væri að feta í fótspor Egils Skallagrímssonar. „Ég fer af landi brott eftir nokkra daga. Kannski dreifi ég bara krónunum niðri í miðbæ Reykjavíkur. Heldur þú að það sé löglegt?“ spyr Li. – þþ

Birni sagt upp hjá Sorpu

STJÓRNSÝSLA Stjórn Sorpu ákvað á fundi sínum í gær að segja Birni H. Halldórssyni, framkvæmdastjóra félagsins, upp störfum. Í tilkynningu frá stjórninni segir að ákvörðunin eigi sér meðal annars stoð í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Þar hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við störf og upplýsingagjöf framkvæmdastjórans í tengslum við áætlanagerð vegna gas- og jarðgerðarstöðvar.

» Í yfirlýsingu til fjölmiðla lýsir Björn vonbrigðum með niðurstöðuna.

Á stjórnarfundum í síðustu viku var Birni veitt formleg áminning og fékk hann í kjölfarið fjögurra daga frest til að bregðast við. Að viðbrögðunum fengnum hafi svo verið tekin ákvörðun um uppsögn.

Í yfirlýsingu sem Björn sendi fjölmiðlum í gær lýsir hann miklum vonbrigðum með þessa niðurstöðu. Hann segist telja að með uppsögn sinni sé stjórnin að varpa athyglinni frá eigin ábyrgð í málinu.

Björn segir að ákvörðun um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar hafi verið tekin af stjórn félagsins á grundvelli kostnaðaráætlunar sem stjórn og eigendur hafi útbúið. Pólitísku „handafli“ hafi verið beitt til að framkvæmdir gætu hafist sem fyrst.

Þá segir Björn að stjórnin hafi haft allar upplýsingar um kostnað við verkefnið og fjarstæðu að hann hafi leynit upplýsingum. Innri endurskoðandi sé þar að auki vanhæfur vegna fjölskyldutengsla við stjórnarmann Íslenska gámafélagsins, eins helsta keppinautar Sorpu.

– sar

Tugmilljóna tjón á höfninni

Skemmdir á Straumsvíkurhöfn vegna óveðursins sem gekk yfir 9. og 10. desember síðastliðinn eru mun meiri en áður var talið. Tjónið hleypur á tugum milljóna króna samkvæmt skýrslu frá verkfræðistofu.


HAFNARFJÖRDUR Kostnaður vegna óveðurstjóns í Straumsvíkurhöfn hleypur á tugum milljóna króna. Kemur þetta fram í skýrslu sem verkfræðistofan Strendingur gerði fyrir Hafnarfjarðarhöfn og byggir á skoðun kafara frá Kófunarþjónustunni.

Mikið óveður gekk yfir landið 9. og 10. desember síðastliðinn og var öldugangur mikill. Í desember var greint frá því að 7,5 milljóna króna tjón hefði orðið á suðurenda bryggjunnar þar sem stór hola hafði myndast á varnargarði. Hafði aldan grafið sig 15 metra inn í vörnina og skolað út fyllingu.

Þær skemmdir sem nú er um að ræða eru á hinum bakka hafnarinnar og leggjast ofan á kostnaðinn sem þegar hefur verið reiknaður. „Þetta eru fyrstu kannanir og við höfum ekki unnið neitt verðmat enn þá,“ segir Lúðvík Geirsson hafnarstjóri.

Stórt gat er á milli kerja á fimm metra dýpi. Samkvæmt upplýsingum frá kófurum hefur gatið byrjað að myndast fyrir þó nokkru síðan en óveðrið hafi verulega stækkað það. Efni hafi skolast út og „hellir“ myndast fyrir innan. Til viðgerðar þurfi að brjóta upp steipta þekju og fylla í gatið auk þess sem kafari hreinsi sárið.

Lúðvík segir nauðsynlegt að laga gatið, helst sem fyrst til að ekki fari meira efni út í sjó, en það skapi þó ekki hættu á svæðinu. Gatið sé aftarlega á bakkanum þar sem ekki sé þung umferð. „Veðrið í vetur hefur verið hreint ótrúlegt. Í þessu óveðri stóð beint upp á af norðvestan, um 30 metrar á sekúndu, nánast sam-



Skemmdir á höfninni hleypa á tugum milljóna. Kostnaður mun að hluta falla á Hafnarfjarðarhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fleytt í tíu klukkutíma,“ segir hann.

Lúðvík segir þessar skemmdir ekki hafa nein áhrif á flutninga til og frá álverinu í Straumsvík. En framtíð þess hefur verið í nokkurri óvissu þar sem Rio Tinto mun meta rekstrarhæfið og skoðar möguleikann á að hætta starfsemi.

Kostnaðurinn vegna viðgerðanna mun ekki falla á Hafnarfjarðarhöfn nema að hluta því að

Í þessu óveðri stóð beint upp á af norðvestan, um 30 metrar á sekúndu, nánast samfleytt í 10 klukkutíma.

Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri



skylt er að tryggja allar hafnir ríkis og sveitarfélaga hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Eigin áhætta mannvirkja er tvö prósent en að lágmarki ein milljón króna.

„Næstu skref eru þau að tæknimenn hjá okkur og tryggingunum eru að fara yfir málin og taka ákvörðun um hvernig staðið verður að endurbótum,“ segir Lúðvík.

kristinnhaukur@frettabladid.is

jeep.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

AFMÆLISTILBOÐ

JEEP® GRAND CHEROKEE

FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250 HÓ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

AFMÆLISTILBOÐ VERÐ FRÁ: 10.390.000 KR.

LISTAVERÐ VERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Álskóflur



frá 1.999

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

4.895

Viðgerðarbretti



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör
9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku
3.795



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W
22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör
14.999



6T Búkkar 605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

4.999




Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslatínur



Skóflur

frá 995

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle

6.985

4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm



5.999

Fjölsög Höfftech



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



16.995

Metabo KS216 bútsög



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Pete Buttigieg og eiginmaður hans Chasten fagna. NORDICPHOTOS/GETTY

Mjótt á milli Sanders og Buttigiegs

BANDARÍKIN Bernie Sanders lýsti yfir sigri í forvali Demókrataflokksins í New Hampshire, sem fram fór á þriðjudag. Þegar talningunni var nær lokið hafði hann fengið 25,9 prósent atkvæða og níu fulltrúa á landsþingið í sumar.

Sama fjölda fékk sigurvegarinn úr Iowa-forvalinu, Pete Buttigieg, og gekk honum betur í New Hampshire en búist var við. Enungis eitt og hálf prósent skyldi þá Sanders og Buttigieg að.

Þriðji sigurvegarinn í New Hampshire var Amy Klouchar sem hlaut tæplega 19,8 prósent og sex fulltrúa.

Hvorki Elizabeth Warren né Joe Biden náðu 10 prósentum og hvorugt þeirra fær fulltrúa frá fylkinu. Rætt hefur verið um að það sé að fjara undan framboðum þeirra og þau ættu að draga sig út. Biden fór hins vegar beint til Suður-Karólínu þar sem kosið verður í mánuðinum.

Frambjóðendurnir Andrew Yang og Michael Bennett, hafa dregið framboð sín til baka. – khg

Sögulegt brúðkaup á Norður-Írlandi



Það var söguleg hátíðarstund þegar þær Robyn Peoples og Sharni Edwards urðu fyrsta samkynhneigða parið til að ganga í hjónaband á Norður-Írlandi. Lög sem heimila hjónaband hinsegin fólks tóku gildi á Norður-Írlandi í vikunni. Hinar nýgiftu Peoples og Edwards, sem eru 26 og 27 ára, hafa verið saman í sex ár. Athöfnin fór fram í bænum Carrickfergus á Norður-Írlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

KRONAN

Pizza fyrir ástina



Þú finnur allt á einum stað í öllum okkar verslunum!



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Formannskosningar Kristilegra demókrata

Kristilegir demókratar í Þýskalandi þurfa að velja nýjan formann eftir að Kramp-Karrenbauer tilkynnti um afsögn. Í valinu, sem fer líklega fram í sumar, takast íhaldssamir og frjálsslyndir á. Þrír þykja líklegastir í embættið.

ÞÝSKALAND Kristilegir demókratar (CDU), sem leiða ríkisstjórn Þýskalands, þurfa að velja nýjan formann í sumar eftir að Annegret Kramp-Karrenbauer tilkynnti að hún hygðist hætta. Embættistið hennar hefur markast af stórum kosningaósigurum í einstökum fylkjum og til Evrópuþingsins. Margir flokksmenn eru óánægðir með andstöðu hennar við að hefja samstarf við þjóðernispopúlíska flokkinn AFD. Þrír eru taldir langlíklegustu arftakarnir hennar.

Fyrirverandi þingmaður, Friedrich Merz vill til æðstu metorða í CDU og nýtur stuðnings íhaldsarms flokksins. Hann tapaði naumlega í leiðtogakjöri fyrir Kramp-Karrenbauer í desember árið 2018 með 482 atkvæðum gegn 517. Merz sem vill „endurnýja flokkinn“, hefur verið opin fyrir samstarfi við alla hægri-flokka. Merz sagði starfi sínu lausu hjá bandaríska fjárfestingarbankanum BlackRock fyrr í þessum mánuði til að einbeita sér að stjórnárum.

Heilbrigðisráðherrann Jens Spahn er talinn líklegasti arftakinn af þeim sem nú starfa í ríkisstjórninni. Hann er sagður vera frjáls-hyggjumaður í efnahagslegum og félagslegum skilningi. Spahn er samkynhneigður og barðist hvað harðast CDU-þingmanna fyrir því að leyfa giftingar hinsegin fólks. Hann er einnig þekktur fyrir að skylda foreldra til að bólusetja börn sín gegn mislingum. Þrátt fyrir frjálsslyndar skoðanir sínar hefur hann gagnrýnt stefnu Merkel hvað flóttamenn varðar og telur að Þýskaland taki nú við of mörgum í nafni manúðar.



Heilbrigðisráðherrann Jens Spahn vill leiða CDU. NORDICPHOTOS/GETTY

» Armin Laschet, ríkisstjóri í Norðurrin-Vestfalíu, ert talinn líklegur til að sameina íhaldsmenn og frjálsslynda.

Armin Laschet á að baki langa reynslu í stjórnárum. Hann hefur setið sem þingmaður í Þýskalandi, Evrópuþingmaður og ráðherra en er nú ríkisstjóri í Norðurrin-Vestfalíu, stærsta fylki Þýskalands. Laschet er einna þekktastur fyrir að taka hart á skipulagðri glæpastarfsemi í fylkinu. Innan flokksins er hann talinn miðjumaður og líklegur til að geta sameinað bæði íhaldsmenn og frjálsslynda.

Þó að þessir þrír séu taldir langlíklegustu arftakarnir koma aðrir einnig til greina. Má til dæmis nefna Markus Söder, ríkisstjóra Bæjaralands sem situr fyrir CSU, systurflokk CDU, og þingmanninn

Ralph Brinkhaus. Þeir tilheyra báðir íhaldsarminum og Söder hefur verið mjög gagnrýninn á innflytjendastefnu Merkel. Einnig má nefna Daniel Günther, ríkisstjóra Slésvíkur-Holtsetalands, sem er mun hófsamari og var einn helstu stuðningsmanna Kramp-Karrenbauer.

Ljóst er að átakalínurnar verða á milli íhaldsmanna og frjálsslyndra, hvort samstarf við AFD sé fýsilegt eða yfir höfuð forsvaranlegt. Ákvörðun flokksstjórnar CDU í Þýringalandi nýverið, um samstarf við AFD til að fá Thomas Kemmerich kjörinn ríkisstjóra, hafa hrist upp í þýskum stjórnárum og ríkisstjórnarsamstarfinu. Hafa nýir, og mun róttækari, leiðtogar Sósíaldemókrata, Saskia Esken og Norbert Walter-Borjans, kallað eftir kosningum í Þýringalandi út af þessu. Ef íhaldsmaður, opin fyrir samstarfi við AFD, kemst til valda í CDU gæti ríkisstjórnarsamstarfinu verið sjálfhætt. kristinnhaukur@frettabladid.is

+PLÚS



Frans páfi og biskup í Róm hélt í gær vikulegan opinn fund sinn í Vatikaninu. Fyrir ofan gnæfir hinn fagri skúlptúr listamannsins Pericle Fazzini, Upprisan á dómsdegi.



Það er vetrarlegt við póstútburðinn í smábænum Wanlockhead í Skotlandi. Í Bretlandi hafa verið gular veðurviðvaranir vegna mikillar snjókomu. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Hermaður í varðliði Úganda sýnir engisprettu í Katakwi, Úganda, í gær. Úgandahefur verið virkjaður til baráttu gegn einni verstu engisprettu-plágu sem geisad hefur í áratugi. Sameinuðu þjóðirnar segja milljónir mannlífa í hættu. Faraldurinn nær til Kenýa, Eþíópíu, Sómaliu og víðar.



Hestamarkaðurinn í bænum Leonberg í þýska sambandslandinu Baden-Württemberg hefur verið haldinn árlega í 329 ár.



Stuðningsmenn Aam Aadmi flokksins á Indlandi dansa í lítum fyrir utan höfuðstöðvar flokksins eftir að hafa unnið kosningarnar í gær í borginni Delí á Indlandi.

TAXX

FREE

DAGGAR

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

**TAXFREE* AF ÖLLU GARNI
OG BÚSÁHÖLDUM
13. - 17. FEBRÚAR**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP

MARKAÐURINN

Landsvirkjun þurfi ekki að örvænta

Landsvirkjun er í góðri stöðu gagnvart álverinu í Straumsvík. Skuldbundið til að kaupa raforku til næstu 14 ára. Verðlækkun yrði óveruleg og krefðist mikils forsendubrests. Niðurstaðan gæti verið sú að Landsvirkjun og Rio Tinto skipti ávinningi á milli sín.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tth@frettabladid.is

Kristinn Ingi Jónsson
kristinnigi@frettabladid.is



Engin ástæða er fyrir Landsvirkjun til að örvænta og slá af raforkuverðinu til álversins í Straumsvík enda er samningur álversins við Landsvirkjun bundinn til ársins 2036. Fyrirtækin gætu komist að samkomulagi um að skipta ávinningi á milli sín. Þetta segir Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Rio Tinto Alcan, eigandi álversins í Straumsvík (ISAL), greindi frá því í gær morgun að fyrirtækið myndi skoða allar leiðir þegar kæmi að endurskoðun á starfsemi. Meðal annars kæmi til greina að loka því.

„Það myndi vitanlega létta álverinu ródurinn ef raforkuverðið í samningnum við Landsvirkjun yrði lækkað,“ nefnir Sigurður sem hefur komið að ritun fjölmargra skýrslna um raforkumál.

„Frá viðskiptalegu sjónarhorni,“ bætir hann við, „sé ég hins vegar ekki ástæðu fyrir Landsvirkjun til að slá af verðinu. Ef samningurinn er þannig úr garði gerður að Rio Tinto hefur skuldbundið sig til að kaupa alla þessa raforku, eftir niðurskurðinn í ár, tel ég ekki að Landsvirkjun sé í slæmri stöðu í bili,“ segir Sigurður sem tekur fram að hann viti ekki með vissu hvað felist í samningi fyrirtækjanna.

ISAL og Landsvirkjun endurnýjuðu raforkusamninginn árið 2010. Þá var raforkuverðið tekið úr sambandi við þróun álverðs. Sigurður segir að ISAL væri líkast til í betri stöðu ef eldri samningurinn væri enn í gildi. Vissulega hefði lágt álverð eftir sem áður komið niður á álverinu en skellurinn hefði verið minni þar sem orkukostnaðurinn hefði minnkað á móti.

Á síðustu fjórum árum – frá árinu 2016 – nemur rekstrartap álversins um 170 milljónum dala, um 21 milljarði króna á núverandi gengi. Í tilkynningu Rio Tinto var haft eftir Alf Barrios forstjóra að unnið hefði verið markvisst að því að bæta afkomu álversins. Það væri engu að síður óarðbært og ekki samkeppnishæft í krefjandi markaðsaðstæðum vegna hárs raforkukostnaðar.

Ketill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri vindorkufyrirtækis-



Illa hefur gengið að selja álverið. Norsk Hydro hætti við kaup á álverinu haustið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto frá 2010 markaði tímamót

Samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan, sem tók gildi haustið 2010 og gildir til ársins 2036, fól á margan hátt í sér tímamót í sölu-samningum orkufyrirtækisins enda var með honum afnumin tenging raforkuverðs við álverð og þess í stað miðað við bandaríska neysluvisitölu.

Haft var eftir Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, þegar samningurinn tók gildi að miðað við þáverandi álverð skilaði samningurinn umtalsverðri hækkun á raforkuverði fyrir fyrirtækið.

ins Zephyr Iceland og sérfræðingur um orkumál, sér ekki fyrir sér að Landsvirkjun verði tilbúin í umtalsverðar breytingar á raforkusamningnum við ISAL.

„Ég held að Landsvirkjun geti ekki látið undan þessum þrýstingi frá ISAL vegna þess að þá væri Landsvirkjun mögulega að grafa undan samningsstöðu sinni í framtíðinni. En vissulega getur skipt

Samningurinn er tvíþættur. Annars vegar var endursamið um verð á þáverandi orkusölu Landsvirkjunar til álversins, samtals um 2.930 gigavattstundir, og hins vegar var samið um afhendingu viðbótarorku upp á 658 gigavattstundir vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins. Sú aukning náðist þó ekki að öllu leyti og var endursamið um þann þátt samningsins árið 2014.

Álverið í Straumsvík er annar stærsti viðskiptavinur Landsvirkjunar á eftir Fjarðaáli á Reyðarfirði

en samkvæmt ársskýrslu orkufyrirtækisins fyrir árið 2018 eru um 23 prósent af raforkusölu þess til álvers Rio Tinto.

Haft var eftir Herði fyrr í mánuðinum að tekjuáhrifin af fimmtán prósentna samdrætti í framleiðslu álversins í Straumsvík, sem fyrirhugaður er í ár, væru um tuttugu milljónir dala. Af því má ráða að tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til álversins nemi að jafnaði um 135 milljónum dala, jafnvirði ríflega sautján milljarða króna, á ári.

Próun heimsmarkaðsverðs á áli síðasta áratug Bandaríkjadalir á tonn



einhverju máli hvort forsendurnar að baki samningi Landsvirkjunar og ISAL hafi breyst mikið meira en viðsemjendurnir gátu mögulega séð fyrir. Það þarf að vera mjög rík ástæða ef gera á breytingar á samningnum,“ segir Ketill.

Raforkuverð ISAL fyrir hverja megavattstund er um 38 dalir að sögn þeirra sem þekkja vel til. Í verðinu er raforkuflutningur innifalinn sem er talinn nema um sex dölum. Til samanburðar má ætla að raforkuverð til Fjarðaáls sé vel undir þrjátíu dölum og að kjör Norðurláls hafi verið svipuð þar til í fyrra þegar endurnýjaður samningur við Landsvirkjun tók gildi. Þá er Rio Tinto sagt borga 26 dali með flutningi fyrir hverja megavattstund í Kanada.

Rekstrarafkoma ISAL í milljónum dala

2010	73,6
2011	41,6
2012	-18,3
2013	-38,5
2014	-0,1
2015	-1,9
2016	-47,2
2017	0,6
2018	-43,4
2019	-80,0
Samtals	-113,6

„Álverið í Straumsvík er að greiða miklu herra verð en álver Fjarðaáls fyrir austan, sem er á upphafssamningi. Þess konar samningur er gulrót til að fá fyrirtækin til landsins. Kjörin eru góð til að byrja með en báðir

Frá viðskiptalegu sjónarhorni sé ég ekki ástæðu fyrir Landsvirkjun til að slá af verðinu.

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands



samningsaðilar eru meðvitaðir um að þau muni breytast í framtíðinni. Það gerðist einmitt hjá ISAL árið 2010,“ segir Ketill.

Raforkuverðið í samningi Norðurláls við Landsvirkjun er tengt norrænum raforkumarkaði. Ketill segir að Norðurláls sé í dag að greiða herra verð en áður og líklega svipað því sem ISAL greiðir. Verðið þar er tengt raforkuverði á norrænum orkumarkaði.

„Munurinn er sá að samningur Norðurláls rennur út eftir þrjú ár og fyrirtækið er að kaupa af fleiri raforkufyrirtækjum á hagstæðum verðum. Þess vegna má segja að samningar Landsvirkjunar hafi hlutfallslega minna vægi í rekstri Norðurláls en Straumsvíkur,“ segir Ketill.

„Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir tel ég að raforkuverðið til ISAL sé ekki ósamkeppnishæft. Vissulega er raforkuverðið til ISAL töluvert herra en til álvers Alcoa á Reyðarfirði. En það er vitað að fjölmörg álver í heiminum greiða svipað og oft herra orkuverð en álverið í Straumsvík gerir. Því er vandséð að Landsvirkjun sé til í að lækka orkuverðið til ISAL. Sú lækkun yrði alla vega óveruleg og kæmi ekki til nema rökin þar að baki séu mjög sterk og raunveruleg,“ segir Ketill.

Þá vísar Ketill til samantektar frá greiningarfyrirtækinu CRU sem sýndi að íslensk álver væru á meðal þeirra álvera sem greiða hvað lægstan orkukostnað á heimsvísu. Einungis álver í Kanada búi við hagstæðari kjör.

Sigurður bendir á að ef stjórnendur ISAL ætli að draga frekar úr framleiðslu sé spurningin sú hvort þeir muni reyna að skapa sér samningsstöðu gagnvart Landsvirkjun.

„Rio Tinto hefur væntanlega áfram kauprétt á raforkunni ef það borgar fullt verð, þannig að Landsvirkjun getur þá ekki selt hana öðrum. Lausnin gæti þá falist í því að Landsvirkjun og Rio Tinto myndu skipta á milli sín ávinningnum af því að selja rafmagnnið áfram. Sá möguleiki hlýtur að vera einhvers virði fyrir Landsvirkjun og í slíku tilfelli myndi Rio Tinto borga minna fyrir rafmagnnið,“ segir Sigurður.

„Ég tel að ekki sé ástæða fyrir Landsvirkjun til að örvænta. Fyrirtækið er með góðar tryggingar, eftir því sem ég best veit.“

Ketill segir að rekstrarumhverfi vestrænna álfyrirtækja hafi tekið miklum breytingum vegna aukinnar álframleiðslu í Kína. Hlutdeild Kínverja í álframleiðslu heimsins hefur aukist úr fáeinum prósentum árið 2000 í yfir 50 prósent núna og farið sé að bera á vaxandi útflutningi á áli frá Kína. Það haldi aftur af álverði. „En það er útilokað að íslenska ríkið og Landsvirkjun fari að undirbjóða alla aðra, og hvað þá að keppa við þennan furðubusiness sem viðgengst í Kína með því að lækka orkuverð,“ segir Ketill.

Rymi
OFNASMIÐJAN

Sætislyftur í alla stiga

Rými Ofnasmiðjan | Gyfalföt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

ALLT TIL ALLS Í NÆSTU NETTÓ!

Kjúklingalundir
700 gr

999 KR/PK
ÁÐUR: 1.999 KR/PK

-50%





-40%



Nautalundir
Danish Crown

2.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG



-33%



Krullu kartöflur
Coop - 600 gr

399 KR/PK
ÁÐUR: 599 KR/PK



-35%



Grísakótilettur á beini

1.169 KR/KG

ÁÐUR: 1.799 KR/KG

Coop Mexikóvörur
á 20% afslætti!



-20%

FERSKT ÚR KJÖTBORÐINU!





Lamba T-bone
Þykkar

2.474 KR/KG
ÁÐUR: 3.299 KR/KG

-25%



-40%

Kalkúnasneiðar
Suðrænar

1.799 KR/KG

ÁÐUR: 2.999 KR/KG



-30%

Kinder Maxi
5/pk - 105 gr

244 KR/PK

ÁÐUR: 349 KR/PK



-50%

Croissant
með súkkulaði

105 KR/STK

ÁÐUR: 209 KR/STK

Epli
4 stk í pakka -
Ýmsar tegundir

-30%



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 13. - 16. febrúar


Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó

Lægra verð - léttari innkaup





Kaldalón er grunnt og fallegir steinar setja svip á fjörðinn. MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Músík Kaldalóns

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Í norðanverðu Ísafjarðardjúpi er fallegur fjörður sem ber kuldalegt nafn, Kaldalón, sem þó á ekki við um magnaða náttúruna. Kaldalón er grunnt og víða stingast steinar upp úr leirugum botninum. Innar tekur við gróinn dalbotn með kjarri sem teygir sig upp brattar hlíðar beggja vegna. Niður hátt þverhniptið steyptist síðan fjöldi fossa og kallast klettabeltið austan megin Votubjörg. Önnur skemmtileg ornefni eru jökuláin Mórilla og kletturinn Keggsir en í honum er drangur sem heitir Sigga.

Í Kaldalóni hefst vinsæl göngu- og skíðaleið á Drangajökul, nyrsta jökul landsins. Gengið er meðfram Mórillu inn að Kaldalónsjökli, skriðjökli frá Drangajökli, sem berst fyrir lífi sínu vegna hlýnandi loftslags. Skammt frá er fallegur foss í Mórillu sem gaman er að skoða. Auðvelt er að komast upp Kaldalónsjökul og í langri dagsferð má ná hæsta punkti Drangajökuls, Jökulbungu. Hún er 925 m há og sést af henni yfir Jökulfirði og Hornstrandir. Fleiri taka þó stefnuna á tilkomumeiri tind austar sem kallast Hrolleifsborg (851 m) og býður upp á frábært útsýni yfir Strandir. Einnig má halda niður í Reykjarfjörð nyrðri en þar bíða hús og heit útisundlaug. Fyrir þá sem kjósa styttri göngu er tilvalið að ganga að Kaldalónsjökli og upp með honum uns komið er ofan við Votubjörg. Þarna býðst frábært útsýni yfir Kaldalón en einnig hluta Ísafjarðardjúps. Aðeins vestar er Æðey, kirkjustaðurinn Unaðsdalur og jörðin Tyrðilmýri sem er dyragættin að snævi þöktum fjöllum Snæfjallastrandar.


Lengst af var búíð í Kaldalóni og nágrenni þess og er tónskáldið og læknirinn Sigvaldi Kaldalóns (fæddur 1881) eflaust frægasti ábúandinn. Þarna stundaði hann læknisstörf og samdi tónlist en síðar átti hann eftir að verða á meðal okkar dádustu tónskálda. Ísland ögrum skorið er talin hans frægasta tónsmíð en önnur þekkt lög eru Á Sprengisandi, Suðurnesjamenn, Hamraborgin, Ave María og Þú eina hjartans yndið mitt. Sigvalda þótti Kaldalón svo fallegt að hann ákvað rúmlega þrítugur að taka sér ættarnafnið Kaldalóns. Síðar á ævinni veiktist hann illa af taugaveiki og flutti til Flateyjar eftir endurhæfingu á Vífilstöðum og í Danmörku. Hann flutti síðan til Grindavíkur og lést 1946.

Skammt austur af Kaldalóni er Skjaldfannardalur en þar eru jökulár sem staðið hefur til að virkja með svokallaðri Austurgilsvirkjun.

Landsvirkjun sagði sig þó nýlega frá verkinu sem var skynsamleg ákvörðun því virkjun hefði skert ósnortin viðerni í næsta nágrenni Kaldalóns og ekki viljum við sjá Ísland örum skorið.



**Fókus
á hjarta
landsins**




Ofan Votubjarga er ótrúlegt útsýni yfir Kaldalón og Ísafjarðardjúp. MYND/DAGNÝ HEIÐDAL




Horft til norðurs inn Kaldalón. Fyrir miðju er Kaldaklofsjökull en í fjarska sést í Jökulbungu og Hrolleifsborg. MYND/MATS WIBE LUND



BÓKA ÚTSALA!



Maðurinn sem Ísland elskaði
TILBOÐSVERÐ: 4.299.-
Verð áður: 6.999.-



Selta
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 6.999.-




Edda
TILBOÐSVERÐ: 2.199.-
Verð áður: 3.699.-



Stjörnur og stórveldi
TILBOÐSVERÐ: 5.199.-
Verð áður: 7.999.-



Ætíðarþjófurinn
TILBOÐSVERÐ: 1.499.-
Verð áður: 3.999.-



5:2 mataræðið
TILBOÐSVERÐ: 1.299.-
Verð áður: 3.699.-



Raggi litli og óskirnar fjórar
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Verð áður: 2.999.-




Líf Guðbjargar Tómasdóttur
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 6.999.-



Gústi
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 8.399.-



Óttinn
TILBOÐSVERÐ: 899.-
Verð áður: 2.999.-



Aðferðir til að lifa af
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 6.999.-



Menntuð
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 5.499.-



Sara
TILBOÐSVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 3.999.-



Ströndin endalusa
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-



Flugvélar á Íslandi
TILBOÐSVERÐ: 6.499.-
Verð áður: 9.999.-

ALLAR ERLENDAR ÚTSÖLUBÆKUR Á 70% AFSLÆTTI!



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 17. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Sérhagsmunir



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Altaf er jafn merkilegt verða vitni að því þegar stjórnálamenn láta sig sérhagsmunum meira varða en almannahagsmunum. Einmitt þetta gerðist í síðustu viku í umræðum á Alþingi þegar tekist var á um það hvort heimila ætti beiðni um skýrslu þar sem gerður væri samanburður á greiðslum Samherja fyrir veiðirétt í Namibíu og á Íslandi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, var fyrsti flutningsmaður skýrslubeiðinnar sem naut stuðnings þingmanna Viðreisnar, Samfylkingar og Pírata. Hún naut einnig stuðnings Andrésar Inga Jónssonar sem eitt sinn var þingmaður Vinstri grænna en er nú þingmaður utan flokka, eftir að hafa tekið sannfæringu sína fram yfir þá niðurlægingu sem þingmenn Vinstri grænna þurfa stöðugt að þola í þessu ríkisstjórnarsamstarfi. Þegar kemur að þessari skýrslubeiðni má samt vel gefa sér að ýmsir þingmenn Vinstri grænna hafi stutt hana í hjarta sér. Þeir hafa hins vegar ekki treyst sér til að sýna þann stuðning í orði. Slíkan stuðning þarf vitanlega að bæla niður ef hætta er á að Sjálfstæðisflokknum mislíki. Og þessi tillaga fór óskaplega fyrir brjóstið á þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Hún var sögð vera leikarskapur og lýðskrum.

Af hverju þessi illu orð um jafn sjálfsgöðan hlut og að þessar greiðslur verði kannaðar, þannig að ljóst sé hvort þarna er um mikinn mismun að ræða? Heyrst hefur að Samherji greiði miklu hærra gjald í Namibíu en hér á landi. Af hverju má ekki upplýsa um réttar tölur? Ástæðan er vitanlega sú að Sjálfstæðisflokkurinn á í alveg sérstöku sambandi við stórutgerðina í landinu, hefur slegið skjaldborg um hana, dekrað við hana og beitt sér fyrir því að hún greiði til samfélagsins jafn lítið og hægt er að komast upp með. Þetta heitir að standa vörð um sérhagsmunum. Þessi stærsti flokkur landsins (hversu lengi sem hann verður það nú) reynir ekki á nokkurn hátt að leynd þessari sérhagsmunagæslu sinni. Hún blasir við öllum sem vilja sjá og forsvarsmenn flokksins eru síðan óhræddir við að minna reglulega á hana – þeir virðast fjarska stoltir af því að vera í hlutverki varðhunda stórutgerðarinnar.

Ansí mörgum hefur örugglega þótt ónotalegt að heyra Bjarna Benediktsson á þingi segja þessa skýrslubeiðni vera lýðskrum og að með henni væri verið að þyrlla upp pólitísku moldviðri. Það er ekki svo ýkja langt síðan hann sagði að mál Samherja í Namibíu mætti rekja til þess að veikt og spillt stjórnkerfi væri þar í landi. Það virðist ljóst hvar samúð hans liggur.

Undanfarið hefur mátt heyra auglýsingar frá einum af stjórnmalaflokkum landsins, Viðreisn. Ein þeirra hljóðar svo: Við veljum almannahagsmunum, ekki sérhagsmunum. Þetta er gott kjörorð sem allir stjórnmalaflokkar landsins ættu heilshugar að taka undir. En það vilja þeir ekki allir. Innan Sjálfstæðisflokks myndi engum áhrifamönnum láta sér til hugar koma að auglýsa á þennan veg. Þeir vita nefnilega að þjóðin myndi ekki trúá þeim.



Þeir virðast fjarska stoltir af því að vera í hlutverki varðhunda stórutgerðarinnar.

Halldór



Frá degi til dags

Dauð orð skulu standa
Arnþrúður Karlsdóttir unni þvi illa að ummæli hennar um falska fréttasamvisku Reynis Traustasonar hafi verið dæmd dauð og ómerk. Hún og Pétur Gunnlaugsson reifuðu dóminn á Útvarpi Sögu og ljóst að hún hyggst hefna þess í Strassburg sem hallaðist í héraði. Ummælin standi af hennar hálfu enda hljóti dómariinn að hafa mis-skilið hana „dálítið“ þar sem hún sakaði Reyni ekki um að hafa orðið beinn valdur að dauða fólks heldur hafi hann „líf fólks á samviskunni“ með því að hafa kallað óhamingju yfir fjölskyldur með skrifum sínum. Reynir er mikið á fjöllum og þaðan kom hann þegar hann spurði á Facebook: „Hvað þýðir að hafa mannlíf á samviskunni?“

Nóbelsfréttaskáldið
Pétur er lögmaður víðlesinn og kallaði sjálfan Halldór Laxness til vitnis í málsvörn sinni fyrir Arnþrúði og spurði eins og Nóbelskaldid: „Hvenær drepur maður mann?“ og svaraði með því að nota mætti „fjölmíðil til þess að taka persónu fyrir“ og „eyðileggja líf hans algjörliga“. Arnþrúður hafi aldrei sagt hann hafa valdið dauða en „dómariinn hins vegar segir það“. Þetta virðist ekki hafa dugað Reyni til þess að sjá samhengið enda vitaskuld nýhreinsaður af áburði um að hafa stundað fréttaskáldskap. totti@frettabladid.is

Kynferðisleg friðhelgi



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Ný tækni hefur gjörbylt samskiptum fólks á undanförunum árum og áratugum. Að mestu eru þetta jákvæðar breytingar en þær eiga sér líka dekkri hliðar. Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni hefur tekið á sig nýjar birtingarmyndir. Það má meðal annars sjá í áreitni gegn konum á samfélagsmiðlum, brotum gegn börnum á djúpvefnum og ýmsum fornum af stafrænu kynferðisofbeldi.

Stefnumótun og lagasetning nær oft illa að halda í við nýja tækni. Hér á Íslandi hefur háttsemi sem kölluð hefur verið hrelliklám eða hefndarklám til að mynda verið færð undir ólík lagaákvæði sem hefur leitt til mismunandi dómaframkvæmdar. Það eykur einnig á slæma upplifun brotaþola að ofbeldi sem þeir hafa mátt þola sé einungis lauslega skilgreint í lögum og jafnvel erfitt að sjá að lögin nái utan um brotin. Þetta er meðal umfjöllunarefna í nýrri skýrslu Mariu Rúnar Bjarnadóttur lögfræðings en skýrsluna vann hún fyrir stýrihóp á mínum vegum sem var m.a. falið að gera tillögur um stefnumótun gegn stafrænu kynferðisofbeldi. Stýrihópurinn hefur skilað viðamiklum tillögum sem byggjast á skýrslunni og lúta að lagabreytingum, forvörnum og bættri málsmeðferð.

Í skýrslunni er notast við hugtakið kynferðisleg friðhelgi til að ná utan um hina ólíku verndarhagsmunum þolenda og má ætla að það hugtak verði ofan á í þeirri umfangsmiklu endurskoðun laga sem nú stendur fyrir dyrum. Þessar tillögur eru afrakstur mikillar greiningarvinnu, samráðs hér innanlands og samanburðarrannsóknar á löggjöf í fjölmörgum löndum. Nái tillögurnar fram að ganga mun Ísland skipa sér í fremstu röð í lagalegri vernd kynferðislegrar friðhelgi. Samhliða verður ráðist í bætta forvarnir og eflingu rannsóknargetu lögreglu. Á Alþingi hafa ítrekað verið lögð fram lagafrumvörp sem taka á stafrænu kynferðisofbeldi í samstöðu þingmanna í öllum flokkum. Þótt þau hafi ekki náð fram að ganga, má ætla að þverpólitísk samstada geti myndast um þær úrbátillögur sem nú hafa verið kynntar til sögunnar. Ríkisstjórnin lítur á þetta sem forgangsmál, í samræmi við stjórnarsáttmála, enda löngu tímabært að löggjöf og stefnumótun nái utan um nýjar birtingarmyndir ofbeldis og áreitni.



Nái tillögurnar fram að ganga mun Ísland skipa sér í fremstu röð í lagalegri vernd kynferðislegrar friðhelgi.

Mikið úrval af allskonar

- ✓ Ekkert hveiti
- ✓ Ekkert soyja
- ✓ Enginn sykur
- ✓ Ekkert MSG

Íslenskt kjöt
Íslensk framleiðsla



Pylsumeistarinn

– við Laugalæk

AF KÖGUNARHÓLI

Framleiðsla búvöru og hjúkrun aldraðra



Þorsteinn Pálsson

Gildismat er mikilvægt við pólitískar ákvarðanir. Það er til að mynda forsenda fyrir því að unnt sé að forgangsraða verkefnum, sem er eitt mikilvægasta hlutverk stjórnmalamanna.

Heilbrigðisráðherra skrifaði fyrir nokkrum vikum undir þjónustusamninga um rekstur hjúkrunarheimila. Til þess að skoða gildismatið, sem að baki býr, þarf samanburð. Í þeim tilgangi er fróðlegt að skoða búvörusamningana. Í báðum tilvikum greiðir ríkið sinn hlut á móti beinum greiðslum neytenda landbúnaðarafurðanna og notenda hjúkrunarþjónustunnar.

Svo vill til að þeir þrír flokkar, sem sitja í núverandi ríkisstjórn, stóðu einnig að og studdu gerð búvörusamninga. Samanburðurinn er því líka pólitískt hliðstæður.

Samningstími er mælikvarði á gildismat

Samningstími er lyklatríði í rekstri þeirra sem stunda framleiðslu búvöru. Sama er að segja um þá sem annast rekstur hjúkrunarheimila. En hér kemur til sögunnar mismunandi og afar áhugavert gildismat.

Flokkarnir þrír, sem að þessum samningum hafa staðið, telja fráleitt að takmarka rekstraröryggi við framleiðslu búvara við skemmri tíma en tíu ár. Flestir telja það sanngjarnt.

Þegar kemur að samningum um framlög til hjúkrunarheimila telur heilbrigðisráðherra aftur á móti fráleitt að tryggja rekstur þeirra með samningum til lengri tíma en tveggja ára.

Búvörusamningarnir þykja almennt



ekki lýsa of háu gildismati á starfi bænda. Samt er það fimm sinnum hærra en á samningunum um rekstur hjúkrunarheimila samkvæmt þessum mælikvarða.

Verðtrygging lýsir mismunandi gildismati

Stjórnarflokkarnir þrír eru allir sammála um að nauðsyn beri til að verðtryggja framlag ríkisins í búvörusamningum. Allt annað sé ósanngjarnt gagnvart bændum og neytendum. Fyrir því má færa ýmis rök.

Við gerð samninga um rekstur hjúkrunarheimila telur heilbrigðisráðherra hins vegar að það stríði gegn meginreglum um ábyrga fjármálastjórn að verðtryggja framlög ríkisins og hefur í því efni óblandinn stuðning þingmanna stjórnarflokkanna. Framsókn

er til að mynda í prinsippinu á móti allri verðtryggingu en telur hana lífsnauðsynlega í búvörusamningum.

Einnig á þennan mælikvarða sker munurinn á gildismati í augu.

Sátt og hótanir lýsa mismunandi gildismati

Það hefur komið fyrir við gerð búvörusamninga og endurskoðun þeirra að óánægja hefur komið upp á meðal bænda. Þá hefur ríkið sest aftur að samningaborði. Það hefur aldrei skilið við samninga án þess að bændur væru almennt vel sáttir eða að minnsta kosti sæmilega sáttir.

Almenn og djúp óánægja ríkir hins vegar með síðustu samninga heilbrigðisráðherra um rekstur hjúkrunarheimila hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og Samtökum

islenskra sveitarfélaga. Yfirlýsing samninganefndar þessara aðila verður ekki skilin á annan veg en að skrifað hafi verið undir samninga um skert framlög vegna hótunar um að ella yrði skerðingin aukin enn frekar með því að greiða ekki aukafjárveitingu, sem Alþingi ákvað.

Hótunin um að greiða ekki auka-fjárveitinguna virðist ekki eiga stöð í ákvörðun Alþingis um hana. Það gæti verið tilefni athugunar á meðferð ráðherravalds.

En aðalatriðið er að fyrirfram ákveðnar skerðingar og hótanir um að virða ekki ákvarðanir Alþingis er enn ein birtingarmyndin um mismunandi gildismat á samningum um búvöruframleiðslu og hjúkrun aldraðra.

Leysir ekki fráflæðisvandann

Í viðtali við Morgunblaðið 23. janúar sagði framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu að Sjúkratryggingar hefðu í upphafi viðræðna sagt að fyrir lægi að það yrði niðurskurður á þessu ári, sem semja yrði um.

Þessi orð eru visbending um að heilbrigðisráðherra sé ekki að leysa það sem kallað hefur verið fráflæðisvandi Landspítalans á þessu kjörtímabili með því að auka og bæta hjúkrun aldraðra. Fréttir berast jafnvel af því að hjúkrunarheimilin séu farin að senda skjólstæðinga sína til baka inn á Landspítalann og fleiri sveitarfélög vilji skila rekstrinum til ríkisins.

Engu er því líkara en eitthvað hafi verið missagt í þessum efnunum. Það er líka dæmi um gildismat.



Hótunin um að greiða ekki aukafjárveitinguna virðist ekki eiga stöð í ákvörðun Alþingis um hana.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst a.orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019. Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

Kringlan

Stemning, gjafir og tilboð!

KRINGLU PARTÝ

★ FJÖRIÐ BYRJAR KL. 18.30 ★

FYRSTU 400 SEM MÆTA FÁ GJAFAPOKA

★ TILBOÐ ALLAN DAGINN ★

KL. 19.00 BINGÓ með matargestum á Kringlutorgi
EVA RUZA er bingóstjóri, glæsilegir vinningar

KL. 20.00 DANSSÝNING: VEIGAR OG ÁSTRÓS
Úr „ALLIR GETA DANSað“ sýna í göngugötu

KL. 20.30 UPPISTAND: BARA GÓÐAR
Kitla hláturtaugar Kringluggesta

KL. 21.00 SVENNI OG BENNI
Flytja hressandi tónlist

LISTAMENN FRÁ SIRKUS ÍSLANDS ★ DJ ANNA RAKEL

★ LJÚFFENGAR VEITINGAR OG DRYKKIR VERÐA Í BOÐI Í GÖNGUGÖTU ★

★ OPIÐ TIL KL. 22 ★

Nánari upplýsingar um dagskrá og tilboð á kringlan.is og í Kringluappinu



Þróun hitastigs í eina öld



Gunnlaugur H. Jónsson
eðlisfræðingur

Veðurstofa Íslands var stofnuð 1. janúar 1920 og er því 100 ára í ár. Af því tilefni er rétt að líta yfir farinn veg og þróun veðurfars á Íslandi í eina öld. Oft er sagt að það þurfi að kanna fortíðina til þess að gera sér grein fyrir því sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Hitastig er sá þáttur í veðurfari sem mest er rætt um á þessum tímamótum. Þessi grein fjallar um þróun hitastigs í eina öld í höfuðstaðnum Reykjavík auk Stykkishólms og Stórhöfða sem eiga sér lengsta sögu samfelldra hitamælinga á Íslandi. Þá er hugað að því hvað gerist ef þróunin verður óbreytt næstu 100 árin.

Til þess að setja breytingar á hitastigi í samhengi eru hér nokkrar staðreyndir um breytingar á hitastigi jarðarinnar í tíma og rúmi. Mesti mældur hiti á Íslandi, 30,5°C, er talinn hafa mælst fyrir 80 árum 22. júní 1939 á Teigarhorni en sá lægsti mældist 21. janúar 1918 á Grímsstöðum og Möðrudal á Fjöllum -38°C. Mismunurinn er 68,5°C. Á liðnu ári mældist hæsti hiti í Reykjavík 21,1°C en sá lægsti -12,1°C. Mismunurinn er 33,2°C. Mesti hiti sem hefur mælst á landi í heiminum er 56,7°C mældur 10. júlí


1913 í Furnace Creek í Californíu en sá lægsti -89,2°C þann 21. júlí 1983 á Suðurskautslandinu. Mismunurinn er 145,9°C. Þeim mun víðar sem við förum í tíma og rúmi þeim mun meiri líkur eru á því að finna hitastig sem vikur langt frá meðalhita jarðarinnar sem er nú talinn vera um 15°C. Árið 1960 fyrir 60 árum, samkvæmt bestu vitneskju þess tíma, var meðalhiti jarðarinnar líka talinn vera 15°C.

Meðfylgjandi tafla gefur tölu- legar upplýsingar um ársmeðalhita í 100 ár í Reykjavík, Stykkishólmi og á Stórhöfða. Tölurnar eru fengnar með úrvinnslu á upplýsingum af vef Veðurstofunnar. Eins og við er að búast er hlýjast á Stórhöfða sem er syðst en kaldast í Stykkishólmi sem er nyrst og munar 1,2°C. Staðalfrávik í meðalhita eru 0,70°C í Stykkishólmi, 0,66°C í Reykjavík en aðeins 0,56°C á Stórhöfða, sem er umlukinn hafi.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun hitastigs á ofangreindum þrem stöðum síðustu 100 árin. Á myndinni má sjá mikla hlýnum fyrstu 14 árin frá 1919 til 1933. Eftir það stóð hitinn nokkurn veginn í stað til ársins 1960. Á þessu hlýja tímabili fór ársmeðalhiti á Stórhöfða fimm sinnum yfir sex gráður. Eftir 1960 hefur hann aðeins þrisvar farið yfir sex gráður á Stórhöfða og einu sinni í 6,1°C í Reykjavík árið 2003 en það var hlýjasta árið á 100 árum. Meðalhiti stöðvanna þriggja var 5,9°C það ár. Næst hlýjasta árið var árið 1941 þegar hitinn var að meðaltali 5,8°C. Það liðu því 62 ár það til meðalhiti-

Ársmeðalhiti

■ Stórhöfði ■ Reykjavík ■ Stykkishólmur



Ársmeðalhiti í 100 ár

	Stykkishólmur	Reykjavík	Stórhöfði
Ársmeðalhiti °C	4,0	4,8	5,2
Mesti ársmeðalhiti °C	5,5	6,1	6,3
Minnsti ársmeðalhiti °C	2,3	2,8	3,7
Staðalfrávik °C	0,70	0,66	0,56
Hallatala: hlýnun á ári °C	0,0057	0,0036	0,0025
Hlýnun á 100 árum °C	0,57	0,36	0,25

inn frá 1941 var sleginn um 0,1°C.

Eftir 1960 kólnaði og þrjátíu ára tímabilið 1931 til 1960 var að jafnaði 0,6°C hlýrra en tímabilið 1961 til 1990. Á þessu kuldatímabili gengu jöklar á Íslandi fram og á áttunda áratugnum voru mestu hætturarnar sem steðjuðu að mannkyninu taldar vera kjarnorkuógnin og næsta isöld. Eftir aldamótaárið 2000 hefur hlýnað aftur. Veðurstofan hefur til skamms tíma notað þetta kalda tímabil til samanburðar við liðandi ár.

Nú telja margir að mesta ógnin

sem steðjar að jörðinni og mannkyni sé hlýnun jarðar. Í töflunni eru sýndar hallatölur fyrir bestu línur sem falla að hitaferlum síðustu 100 ára. Hallatölurnar sýna árlega hlýnun sem nemur þúsundstu hlutum úr gráðu á ári. Á einni öld nemur hlýnunin 0,25°C á Stórhöfða, 0,36°C í Reykjavík og 0,57°C í Stykkishólmi. Hlýnun á einni öld er því minni en sem nemur sveiflu í meðalárshita (staðalfrávik) þessara stöðva. Haldi þessi þróun í veðurfari áfram óbreytt næstu 100 árin til 2120 má vænta þess að meðalhiti

Heilsueflandi söngnám



Gunnar Guðbjörnsson
skólastjóri
Söngskóla
Sigurðar
Demetz

Flest syngjum við til að gleðjast yfir sigrum eða glíma við sorgina. Ast okkar á söng er auðvitað mismikil en margir finna áþreifanlega fyrir bættari líðan af söng og sönggleði. Söngur virðist leysa úr læðingi sams konar hormón og hreyfing og þarf ekki að deila um að hann hefur góð áhrif á innri líðan. Þetta þekkja þeir vel sem stunda t.d. kórsöng og þeir eru ófáir hér á landi. Því þarf ekki að hafa mörg orð um þá vellíðan sem kórsöngvarar finna jafnvel eftir langa og stranga kóræfingu og þrátt fyrir að hún fylgi í kjölfar langs vinnudags. Söngur er ekki eitthvað sem aðeins birtist okkur á tyllidögum eða við útfarir eða á sviðum söngleikhúsa. Hann er mörgum daglegt brauð og dagleg sálhjálp.

Nú vill einmitt svo til að ég hef í starfi mínu sem söngkennari og skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz orðið var við að talsverður fjöldi nemenda sem til okkar sækir hefur orð á vanlíðan á borð við kvíða og þunglyndi. Oft er um að ræða afleiðingar samfélagslegra þátta: Eineltis, ofneyslu áfengis eða lyfja, einmanaleika eða álags í skóla eða starfi. Við sem störfum við skólann höfum öll upplifað jákvæðar breytingar hjá þessum nemendum og raunar höfum við gert könnun á meðal þeirra sem sýndi að líðan þeirra eftir söngtíma var betri og sjálfsöryggi þeirra og sjálfsmynd breyttist til hins betra eftir söng- og raunar leiklistartíma sem er hluti af náminu hjá okkur.

Áhrif söngs á heilsufar virðast ekki hafa verið mikið rannsökuð en þó hefur það gerst nú á 21. öldinni að áhugi á þeim hefur aukist. Það kemur ekki söng- og tónlistarkennurum á óvart. Rannsóknir á tónlistarnámi hafa leitt í ljós að námsgeta eykst almennt við ástundun þess. Ýmsar uppgötvanir hafa verið gerðar á síðustu árum á sviði listnáms og í haust kom út



skýrsla hjá Alþjóðaheilbrigðismála- stofnuninni (WHO) um áhrif lista á heilsufar fólks. Niðurstaðan var afgerandi: Listræn þátttaka á borð við dans, söng, safnaheimsóknir og tónleikasókn bætir við viddum í lífi fólks sem bæta líkamlega sem andlega heilsu.

Núna í janúar sótti ég ráðstefnu

í Bretlandi þar sem fjallað var um skýrsluna en aðalviðfangsefnið var söngur og andleg heilsa. Ég var svo lánsamur að vera meðal fyrstu umsækjenda um þátttöku en slegist var um síðustu sætin löngu áður en umsóknarfrestur rann út. Ráðstefnugestir voru allir frá Bretlandseyjum nema ég en þar mátti

finna á sjötta tug fulltrúa sem voru þátttakendur í mjög mismunandi verkefnum. Verkefnið áttu samt öll sameiginlegt að nýta söng sem meðferðarúrræði, hvort sem um var að ræða vinnu í fangelsum, vinnu með ungu fólki með andleg vandamál og vinnu með eldri borgurum, svo að dæmi séu tekin.

Afstaða ráðstefnugesta var eindregið á sömu lund. Rannsaka þyrfti störf þeirra sem nýta sér söng til að bæta líðan skjólstaðinga sinna og auka þekkingu á þeim gaðum sem raunverulega fylgja því að syngja.

Niðurstöður WHO eru afgerandi og hvatningarorð stofnunarinnar afdráttarlaus. Sjálfur annast ég rekstur söngskóla sem engan veginn annar eftirspurn en ég er sannfærður um að margir sem sótt hafa nám í skólanum hafa bætt lífsgæði sín svo að það fylgir þeim um aldur og ævi. Ég vona að einnig framvegis geti skólinn veitt nemendum slík aukin lífsgæði og sömuleiðis áheyrendum þeirra en um árabíl hefur ríkt frost í fjárveitingum til tónlistarnáms, þrátt fyrir að þörfin og eftirsóknin aukist stöðugt.

Frelsishetjur Þorsteins og skilnaður Breta og Evrópusambandsins



Haraldur Ólafsson
formaður
Heimssýnar

Þorsteinn Víglundsson skrifar í Fréttablaðið 4. febrúar sl. um brotthvarf Breta úr Evrópusambandinu og þykir það vont. Tveir látnir Bretar eru kallaðir til vitnis í greinni. Báðir voru stríðsherrar. Annar ferðaðist víða um lönd til að drepa fólk þúsundum saman, meðal annars í danska- íslenska ríkinu. Hinn lagði drjúgt

af mörkum til að taka milljónir manna af lífi rúmri öld síðar. Allt var það gert til að þjóna meintum hagsmunum ríkisins sem þeir unnu fyrir.

Þessir herrar eru frelsishetjur í boðskap greinarhöfundar. Það er sérkennileg nafngift og ber vott um að höfundur hafi af lífi og sál gengið inn í menningarheim þeirra ríkja sem mestu hafa ráðið í Evrópu öldum saman og ráða flestu innan Evrópusambandsins núna. Lengur en Evrópubúar hafa kunnað að lesa og skrifa hafa stjórnmendur í Evrópu haft það fyrir stafni að bitast um völd og áhrif og finna landamærum nýja og betri staði. Við þá iðju hefur flestu mátt fórn, ekki síst fólki sem fát hafði til saka unnið.



Bretar fóru ekki vegna þess að þeir höfðu gefist upp á frelsi, mannréttindum, mannúð, jöfnuði, lýðræði og samvinnu þjóða.

Því var slátrað þúsundum saman, og í milljónatali þegar komið var fram á 20. öld. Þeir sem sigruðu hverju sinni hlutu að launum aukin völd og meiri auð og þeir leidrétta landamæri til samræmis við eigin meintu þarfir. Að auki urðu þeir

frelsishetjur í sinni heimasveit, að minnsta kosti um hríð. Líkt og svo margir Evrópubúar sér Þorsteinn frelsishetjur þar sem þeir sem síður eru innblásnir af Evrópuanda sjá lakari menn. Það fer ekki á milli mála hver raunveruleg heimasveit Þorsteins er.

Í fyrrgreindri grein er talið upp sithvað sem flestum finnst fagurt og gott og útskýrt að Bretar hafi snúið við því baki með því að yfirgefa Evrópusambandið. Allt er það úr lausu lofti gripið. Bretar fóru ekki vegna þess að þeir höfðu gefist upp á frelsi, mannréttindum, mannúð, jöfnuði, lýðræði og samvinnu þjóða. Um það eru engar vísbendingar. Þeir fóru vegna þess að þeir töldu sig vera að drukkna í sivaxandi flóði

af ónauðsynlegum og íþyngjandi lögum og reglum og breskur verkaflyður var að auki orðinn uppgjafinn á að búa við óþrjúgandi uppsprettur af ódyru erlendu vinnuafli.

Brotthlaup Breta úr Evrópusambandinu snertir Íslendinga. Í fyrsta lagi staðfestir aðdragandi þess að sambandið gengur langt til að það koma í veg fyrir að einhver hlaupist á brott. Það kemur auðvitað engum á óvart, þannig eru flest ríki og sérstaklega stórveldi. Þótt Bretar hafi á endanum sloppið út er margt sem bendir til þess að ógjörningur sé fyrir smærri ríki að sleppa. Í öðru lagi hefur nú sjálfstæðum vískafræðingur Íslendinga á alþjóðavettvangi fjölgað um einn. Það gæti reynst vel seinna meir.

Nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands



Herdis Sveinsdóttir
deildarforseti
Hjúkrunar-
fræðideildar HÍ

Kennarar við hjúkrunarfræðideild hafa sett sér það markmið að bjóða upp á framúrskarandi nám í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum sem mætir alþjóðlegum kröfum og þjónar íslensku samfélagi.

Nám við hjúkrunarfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands radast í 100.-150. sæti á lista um gæði náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum á heimsvísu samkvæmt flokkun Shanghai Academic Ranking of World Universities (ARWU) (shanghairanking.com/index.html). Af greinum við Háskóla Íslands hefur nám við

deildina náð einna hæst á þeim lista.

Nám í hjúkrunarfræði hefur verið eftirsótt, enda er hjúkrunarstarfið krefjandi og fjölbreytt og námið felur í sér mikla möguleika að því loknu. Gæði námsins, fræðilegar og klínískar kröfur, eru vel varin með íslenskum lögum (reglugerð 512/2013) og tilskipun Evrópusambandsins (2005/36/EB) um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Haustið 2019 kepptu rúmlega 300 nemendur um samtals 175 námspláss við báða háskólana, 120 pláss við Háskóla Íslands (að ári verða þau 130) og 55 við Háskólann á Akureyri.

Nú á vormisseri sitja tæplega 60 nemendur námskeið við hjúkrunarfræðideild HÍ til að uppfylla skilyrði til að geta sótt um nám í hjúkrunarfræði fyrir fólk með annað háskólapróf. Skilyrðin eru meðal annars að umsækjendur hafi lokið 40 einingum í undirstöðugreinum hjúkrunar, það er

aðferðafræði/tölfræði, félagsfræði, sálfræði og líffræðigreinum.

Í Evróputilskipuninni stendur meðal annars að klínísk þjálfun skuli fara fram á sjúkrahúsum, í heilsugæslu eða á öðrum vettvangi þar sem nemandinn á bein samskipti við sjúklinga. Á vettvangi lærir hann í samstarfi við aðra að skipuleggja, veita og meta heildstæða hjúkrun með hliðsjón af þeirri þekkingu og hæfni sem hann hefur öðlast í fræðilegu námi.

Klíníska kennslan er á ábyrgð hjúkrunarkennara og er veitt í samstarfi við og með aðstoð hjúkrunarfræðinga á vettvangi. Nemandinn skal ekki einungis læra að vinna í teymi heldur jafnframt að stýra teyminu og skipuleggja hjúkrunarmedferð, þar með talið heilbrigðisfræðslu fyrir einstaklinga og hópa.

Þá stendur í tilskipuninni að nemendur skuli fá klíníska kennslu í hjúkrun á ýmsum sviðum hjúkrunar, meðal annars

bráðahjúkrun, nýbura- og barnahjúkrun, mæðravernd, heilsugæslu, hjúkrun sjúklinga sem fara í almennar eða sérhæfðar skurðaðgerðir og sjúklinga sem þarfnast almennrar eða sérhæfðrar hjúkrunar vegna sjúkdóma sinna.

Skipulag náms í hjúkrunarfræði tekur mið af ofangreindu. Það sem takmarkar fjölda nemenda er námspláss og þá sérstaklega á þeim vettvangi sem nefndur er að ofan. Hjúkrunarfræðideild hefur samstarf og samning um klínísk námspláss við Landspítala gegnum Háskóla Íslands og allar ákvarðanir um nemendafjölda eru teknar í samráði við spítalann. Auk þess eru samningar eða samstarf um klínísk námspláss við heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og á öllum heilbrigðisstofnunum landsins fyrir t.d. heimahjúkrun.

Klíníska námið dreifist yfir allan veturinn en prófatímabil og upphaf missera eru þó minna nýtt til klínískrar kennslu. Timann yfir

hásumaríð er lítið hægt að nýta í klínískt nám sökum sumarleyfa starfsmanna og þar með vöntunar á klínískum kennurum. Á þessum tímabilum er þó rými og vilji samstarfsstofnana er til að taka á móti 20 nemendum í nýju námsleiðina.

Ljóst er hins vegar að til þess að nemendur öðlist þá klínísku færni sem nútímasamfélag krefst þurfa þeir miklar og góðar leiðbeiningar á vettvangi. Sem kallar aftur á fullnægjandi mönnun hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnunum til að sinna klínískri kennslu.

Hjúkrunarfræðideild er undirfjármögnuð. Í deildinni eru nú 773 nemendur, stöðugildi fastráðinna kennara eru 24 auk þess sem hópur fólks frá öðrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs og vistar Háskóla Íslands og frá samstarfsstofnunum koma að kennslunni. Deildin hefur þó aldrei skorast undan því að leita allra leiða til að fjölga nemendum og taka við raunhæfum verkefnum sem skipta máli fyrir samfélagið.

Opið bréf vegna lokunar Bío Paradísar



Oddný Sen
kvikmynda-
fræðingur
og verk-
efnastjóri
kvikmynda-
fræðslu í
Bío Paradís



Það er á hreinu að sýningar fyrir grunnskólabörn og framhaldsskólanema eru brýn nauðsyn svo þau geti kynnst kvikmyndinni sem listgrein.

Fyrrir 10 árum síðan hélt ég fyrsta pallborðið fyrir skólabörn í Bío Paradís. Ég sýndi myndina The Kid eftir Charles Chaplin og var með kynningu á listamanninum, myndum hans á löngum ferli og ekki sist um æsku hans og hversu mikið afrek það var að komast áfram þrátt fyrir sárafátækt og skelfilegar fjölskylduástandstæður. Verða einn af áhrifamestu kvikmynda-leikstjórum kvikmyndasögunnar. Börnin voru svo áhugasöm að það var mér hvatning að þróa verkefnið frekar í samstarfi við Bío Paradís. Þrátt hófst kvikmyndafræðsla í Bío Paradís þar sem skólabörn fengu að sjá myndir frá ýmsum þjóðlöndum sem þau hefðu annars ekki aðgang að og fengu tækifæri til að skoða kvikmyndir með gagnrýnum huga. Þar er meðal annars haldin kvikmyndasmiðja þar sem saga kvikmyndanna er kynnt með myndbrotum úr helstu meistaraverkum kvikmyndasögunnar. Við það má bæta að skólabörn fá viðunandi aðstöðu til að sjá myndir í bestu gæðum sem þau fá ekki að öðrum kosti í skólaskóla.

Þessu verkefni hef ég veitt forstöðu í níu ár í Bío Paradís og við höfum nú þjónustað hátt í 90.000 börn. Þetta er á margan hátt krefjandi starf en alltaf skemmtilegt og gífurleg gefandi, kannski af því að í fyrstu var það tilraunaverkefni. Hvernig átti að kenna börnum að nálgast kvikmyndina? Hvernig átti að kenna þeim að horfa á myndir með gagnrýni? Kenna þeim að horfa á bíóklassík í von um að þau kunni að meta ýmsar perlur kvikmyndasögunnar, alla vega vita af þeim og kannast við áhrif þeirra á kvikmyndir samtímans? Næstu skref voru í startholunum til að gera kennsluna mun markvissari.

Árið 2013 fékk bíóið styrk til að vera með kvikmyndafræðslu fyrir framhaldsskóla. Það gekk hægt í fyrstu að byggja þá starfsemi upp, en með tímanum blómstraði hún og ungmenni komu úr flestum framhaldsskólum í Reykjavík og nágrenni til að hlýða á fyrirlestra um þær kvikmyndir sem hafa markað spor í sögu kvikmyndanna,

ræða um þær á eftir og greina þær ofan í kjölinn. Það var einstaklega gaman að sjá nemendurna fá aukið sjálfstraust eftir því sem leið á hverja önn með því að greina kvikmyndir ásamt nemendum úr öðrum skólum. Það er engin spurning að slík viðbótarfræðsla er bráðnauðsynleg. Þeirri starfsemi var því miður hætt vegna fjárskorts árið 2019, einmitt þegar mikil ásókn var í fræðsluna og margir skólar vildu setja námskeiðið inn í námsáætlun þeirra.

Það er á hreinu að sýningar fyrir grunnskólabörn og framhaldsskólanema eru brýn nauðsyn svo þau geti kynnst kvikmyndinni sem listgrein, ekki aðeins notið hennar sem afþreyingar þar sem tæknibrellur og hraði eru í fyrsta sæti. Ég hef sjálf mjög gaman af ofurteknivæddum hasarmyndum; enda er ekkert að því, en ég tel sem kvikmyndafræðingur að nauðsynlegt sé að sýna kvikmyndir sem hafa önnur markmið að leiðarljósi.

Í Bío Paradís fá grunnskólabörn tækifæri til að sjá nýjar íslenskar kvikmyndir með leikstjóra og framleiðendur viðstadda sem svara spurningum þeirra og útskýra hvernig staðið var að gerð og framleiðslu kvikmyndarinnar. Þau fá líka tækifæri til að sjá myndir um erfið samfélagsleg málefni, einelti, fíkn og kvíðaraskanir með fulltrúum SÁÁ, Geðhjálp og Samtakanna 78, svo eitthvað sé nefnt, þar sem þau fá að ræða við þessa fulltrúa eftir áhorf og fá stuðning og hjálp ef svo ber undir. Þessi úrræði þurfa líka að vera til staðar.

Þar sem allt útlit er fyrir að starfsemi Bío Paradísar verði hætt í vor, fá börn ekki lengur að njóta þess aðbúnaðar sem bíóið hefur upp á að bjóða sem menningarmiðstöð kvikmyndanna. Það er einlæg von mín að þeir sem hafa aðstöðu til að bjarga Bío Paradís láti til sín taka og láta þá einstöku starfsemi sem þar er stunduð ekki hverfa úr menningarlífinu.



Hagar hf. birta lýsingar í tengslum við umsóknir um töku verðbréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Auglýsing þessi er birt í tengslum við umsóknir um töku skuldabréfaflokka HAGA 181021 og HAGA 021029 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

HAGA 181021

Höfuðstólsfjárhæð útgefina skuldabréfa í flokknum nam kr. 2.500.000.000 og voru þau öll seld þann 15. október 2019 eftir að Hagar samþykktu tilboð hæfra fjárfesta í framhaldi að lokuðu útboði félagsins þann 30. september 2019 þar sem Hagar höfnuðu öllum tilboðum í óverðtryggðan flokk skuldabréfa. Skuldabréfin voru seld á genginu 1,0 og bera skuldabréfin fasta 4,65% óverðtryggða vexti.

HAGA 021029

Upphafleg höfuðstólsfjárhæð skuldabréfa í flokknum nam kr. 5.500.000.000 og voru þau öll seld í lokuðu útboði þann 30. september 2019. Skuldabréfin voru gefin út og afhent þann 2. október 2019. Skuldabréfin voru seld á genginu 1,0 og bera skuldabréfin fasta 2,8% verðtryggða vexti. Heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er kr. 15.000.000.000.

Markmiðið með skráningu skuldabréfanna á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi skuldabréfanna, sem og að tryggja fjárfestum að starfs-hættir og upplýsingagjöf um fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar eru út af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma.

Hagar hafa komið á fót tryggingafyrirkomulagi með útgáfu tryggingarbréfs, veðhafa- og veðgæslusamnings, umboðssamnings og samnings við staðfestingaraðila. Framangreindir samningar eru birtir á heimasíðu Haga, www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/skuldabrefautbod/ og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér efni skjalanna í heild sinni.

Á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulags hafa Hagar lagt fram tryggingar til greiðslu skuldabréfanna sem eigendur skuldabréfanna á hverjum tíma gerast sjálfkrafa aðilar að. Tryggingar Haga eru tilgreindar í viðauka við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið og tryggingarbréfi sem Hagar hafa gefið út.

Lýsingarnar eru útbúnaðar með hliðsjón af þeim reglum Nasdaq Iceland hf. sem gilda um töku verðbréfa til viðskipta. Lýsingarnar eru gefnar út á íslensku og birtar af Högum þann 12. febrúar 2020. Hvor lýsing fyrir sig samanstendur af þremur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu, útgefandalýsingu og samantekt. Lýsingarnar hafa verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu og eru almenningi aðgengilegar á heimasíðu þess.

Minnt er á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér lýsingarnar í heild sinni og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Nánari upplýsingar

Útgefandi lýsinga eru Hagar hf., kt. 670203-2120, Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Nánari upplýsingar um Haga og skilmála skuldabréfanna má finna í lýsingum félagsins sem dagsettar eru 12. febrúar 2020 og er birt á www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/skuldabrefautbod/ Þar má nálgast lýsingarnar næstu 12 mánuði.

Stjórn Haga hf.

Pollrólegur yfir fáheyrðum tölum

Haukur Þrastarson, leikmaður Íslandsmeistara Selfoss, hefur verið í banastuði eftir að EM í handbolta lauk og skilar tölum sem hafa varla sést á handboltagólfinu. Hann er þó sem fyrr pollrólegur og ætlar að klára tímabilið með Selfossi með miklum stæl.

HANDBOLTI „Mér fannst ekkert mikill munur á mér fyrir og eftir EM. Ekki þannig en við höfum verið að spila betur,“ segir Haukur Þrastarson, leikmaður Íslandsmeistara Hauka, en eftir EM hefur hann skorað 32 mörk og gefið 22 stoðsendingar í þremur leikjum. Það gera 10,7 mörk að meðaltali og 7,3 stoðsendingar.

„Maður hefur þurft að stíga aðeins upp því við erum búnir að vera í miklu veseni með meidsli. En það hefur gengið vel persónulega eftir EM,“ bætir hann við af sinni stóisku ró. Það er ekki æsingurinn í guttanum sem er 18 ára og af mörgum talinn einn efnilegasti leikmaður Evrópu. Hann verður ekki 19 ára fyrr en 14. apríl.

Haukur var í herbergi með Viktori Gísla Hallgrímssyni á EM en þeir voru yngstu leikmenn hópsins. Hann segir að tíminn á EM hafi verið svolítið langur en landsliðið var á sama hóteli allan tímann í rúmar þrjár vikur. „Við sýndum góða frammistöðu en duttum líka niður. Allur sá tími sem ég fékk var dýrmætur og maður reynir að nýta hvert tækifæri sem maður fær til að stimpla sig betur inn. Þetta var dýrmæt reynsla og þegar leið á mótið fékk maður aðeins að spreyta sig meira.

Þetta var orðið svolítið langt á sama stað og á sama hóteli. Sama pastað og einhvern veginn allt það sama en góð upplifun.“

Eftir að Olisdeildin hófst að nýju hafa Íslandsmeistararnir unnið KA og HK en tapað fyrir ÍBV. Þeir sitja sem stendur í sjötta sæti, fjórum stigum frá toppliði Hauka. Spennan á toppnum er mikil og stutt á milli. „Þetta er ólík staða sem við erum í núna miðað við í fyrra. Sérstaklega eftir þessi meidsli sem við erum búnir að lenda í. Þó að við misstum leikmenn eftir tímabilið í fyrra þá fannst mér það ekki skipta öllu. Mér fannst við vera enn með topplið en meidslin hafa sett strik í reikninginn.

Við erum búnir að vera að spila á ungum strákum sem eru að taka sín fyrstu skref og þurfa tíma. Það sést á okkar leik að við erum að spila vel inn á milli en dettum síðan niður. Ég vil samt meina að við séum með gott lið og getum gert góða hluti – ekki spurning.“



Haukur spilaði þó nokkuð á EM í handbolta. Hér að negla inn einu marki gegn Noregi í milliriðlinum en Ísland endaði í 11. sæti. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikir eftir EM

Gegn HK	
Mörk	11
Stoðsendingar	10
Gegn ÍBV	
Mörk	10
Stoðsendingar	8
Gegn KA	
Mörk	11
Stoðsendingar	4

Tímabilið í heild

Leikir	17
Mörk	8,3
Skotnýting	62,1%
Stoðsendingar	6,0

Haukur samdi við pólska stórlíðið Vive Kielce fyrir skemmstu og heldur á vit ævintýrana ásamt kærustu sinni eftir tímabilið. Kielce hefur orðið pólskur meistari síðustu átta ár og vann Meistaradeild Evrópu árið 2016. Í liðinu eru margir af betri handboltamönnum heims eins og Þjóðverjinn Andreas Wolff sem stendur í markinu, bræðurnir Daniel og Alex Dujšhebaev sem eru einmitt synir þjálfarans Talant Dujšhebaev. Þá samdi annar íslenskur landsliðsmaður, Sigvaldi Björn Guðjónsson, við liðið og munu því tveir Íslendingar leika með þessu stórlíði. Þegar rætt er

Þetta er stórt stökk fyrir okkur, í fyrsta lagi að flytja að heiman og einnig að fara í nýtt land og tala annað tungumál. Það verður margt nýtt fyrir okkur sem verður krefjandi en á sama tíma erum við mjög spennt að takast á við það.

Haukur Þrastarson

um það við Hauk er ekki laust við að það sé kominn fiðringur í hann og kærustuna. „Hún er spennt eins og ég. Þetta er stórt stökk fyrir okkur, í fyrsta lagi að flytja að heiman og einnig að fara í nýtt land og tala annað tungumál. Það verður margt nýtt fyrir okkur sem verður krefjandi en á sama tíma erum við mjög spennt að takast á við það.

Ég er ekki kominn með íbúð og hef svo sem litlar áhyggjur af því. Það er ekkert stress. Ég stefni á að klára tímabilið hér með stæl og læt Kielce ekkert trufla mig á meðan. Ég er allavega ekkert að spá í því.“ benediktboas@frettabladid.is

Engin draumastaða fyrir þjálfarateymið

KÖRFUBOLTI „Þetta er engin draumastaða fyrir þjálfarateymið, það er alveg á hreinu, en þeir fá tvo heila daga úti þar sem allir eru saman,“ sagði Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, spurður út í undirbúningstíma íslenska karlalandsliðsins fyrir komandi verkefni. Ekki er búið að tilkynna leikmannahópin fyrir leiki Íslands gegn Kósóvó og Slóvakíu en það verður gert á morgun, degi fyrir bikarúrslitaleikina í karla- og kvennaflokki og þremur dögum áður en landsliðsverkefnið hefst.

Ísland er í riðli með Slóvakíu, Kósóvó og Lúxemborg á fyrsta stigi undankeppninnar fyrir HM í körfubolta árið 2023 sem fer fram í Indónesíu, Japan og á Filippseyjum.

Landsliðsverkefnið hefst á mánudaginn og fá leikmenn sem leika með erlendum liðum ekki að koma

til móts við liðið fyrr en eftir helgi. Það var því tekin ákvörðun um að liðið kæmi saman í Kósóvó og allur undirbúningurinn færi fram þar í stað þess að leikmenn sem leiki erlendis komi til Íslands í stutt stopp. Það verður því engin æfing á Íslandi fyrir leikinn gegn Kósóvó.

„Við tókum ákvörðun um að fara beint út og hittast þar í staðinn fyrir að koma hingað, okkur fannst það betri hugmynd. Minnka niður í einn ferðadag hjá leikmönnum sem eru að koma frá liðum erlendis,“ sagði Craig Pederson, þjálfari landsliðsins, aðspurður hvernig hann myndi leysa þetta vandamál.

„Það verða leikmenn í hópnum sem hafa ekki verið mikið með okkur undanfarin ár og það er okkar að koma þeim inn í hlutina og það með flýti. Þetta breytir aðeins undirbúningnum en við munum



Craig Pederson hefur stýrt landsliðinu í sex ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viðureign Íslands og Kósóvó í Tristine næsta fimmtudag er fyrsta viðureign liðanna á körfubolta-vellinum.

reyna að gera okkar besta til að vera tilbúnir,“ sagði Craig og hélt áfram:

„Við höfum ekki mikinn tíma saman til undirbúnings og þurfum því að nýta hverja einustu mínútu vel. Við setjum upp ákveðna leikáætlun en þeir þurfa að einhverju leyti að láta tilfinninguna ráða þegar komið er inn á völinn.“ – kpt



FIMMTUDAGUR 13. FEBRÚAR 2020

Tíska



Glimmer og glys var áberandi á Óskars-verðlaunahátíðinni. Það verður það einnig næsta haust ef marka má sýningu hjá Oscar de la Renta. ➔4

EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM

TILVALIN
VALENTÍNUSAR-
GJÖF



Söluastaðir: Betri apótek, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is



Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, hefur einfaldan fatastil. Hún stundar Vikingaprek í Mjölni, nýtur þess að spila með spilavinum og drekka vín með vinkonum. Hún kaupir fötin sín aðallega í útlöndum þar sem hún tekur rispur og kaupir margar flíkur í einu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Glamúrgella sem þarf að djamma meira

Brynhildur Bolladóttir klæðist sjaldan svörtu og elskar allt sem glitrar. Hún veltir tískunni samt lítið fyrir sér, er með einfaldan stíl og er mjög dugleg að nýta fötin sín. Hún á þó gott úrval af kjólum. ➔2



Uppáhalds litur Brynhildar er glimmer og hún elskar allt sem glitrar en líka það sem er röndótt og litrikt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafultrúi Rauða krossins, lýsir sér meðal annars sem glamúrgellu á samfélagsmiðlum en segist þó vera mjög hefðbundin í fatastíl og velta tiskunni lítið fyrir sér.

Hún segist hafa verið í ýmsum hlutverkum gegnum tíðina, sem systir hans Atla, kærastan hans Krumma og mamma hennar Yrsu.

„En fyrst og fremst er ég bara ég, Brynhildur, 31 árs, hamingjusöm og sæl. Ég starfa sem upplýsingafultrúi Rauða krossins og ætli helstu áhugamálin mín séu ekki

að stunda Víkingaþrek í Mjölni, spila með spilavinum mínum og drekka vín með góðum vin-konum,“ segir hún.

Brynhildur býr í Hlíðunum með kærasta sínum, Hrafni Jónssyni, og dóttur þeirra, Yrsu, sem er rúmlega eins árs og að sögn Brynhildar skemmtilegust í heimi.

Elskar allt sem glitrar

Brynhildur segist hafa mjög einfaldan fatastíl. „Ég er yfirleitt í gallabuxum og bol, en nota glimmer þegar ég get,“ segir hún. „Ég fylgist eiginlega nákvæmlega ekkert með tisku og á mér enga fyrirmynd í þeim efnum. Í raun hefur tiskuáhuginn minn minnkað undanfarin ár og ég fylg engum tiskuskvísium á Instagram eða neitt þannig.“

Þegar Brynhildur er spurð út

„Ég er þekkt meðal vina minna fyrir að ganga óendanlega lengi í sömu fötunum. Ég á kjól úr H&M sem ég keypti þegar ég var 15 ára.“

Í upphaldslitinn nefnir hún glimmer. „Ég elska allt sem glitrar,“ segir hún. „Mér finnst líka gaman að vera í röndóttu og litum, ég er ekki þessi týpíska kona sem er alltaf í svörtu.“

Ég gekk alltaf með mjög einfalt úr með hvítri skífu og svartri leðuról sem foreldrar mínir gáfu mér og mér finnst ótrúlega fallegt,“ segir Brynhildur. „En mér finnst svo erfitt að vera með það þegar ég hamra á lykklaborðið í vinnunni að ég geng sjaldnar með það en ég vildi. Stundum er ég svo líka með eyrnalokka.“

Hún segist aðallega kaupa fötin sín í útlöndum. „Ég tek svona rispúr þar sem ég kaup margar flikur í einu – og nota þær svo allar í mörg, mörg ár,“ segir Brynhildur, sem er ekki í nokkrum minnsta vafa um hverjar eru upphaldsbúðirnar hennar hér á landi. „Nú, að sjálfsögðu Rauða-krossbúðirnar!“

Nýtin og nægjusöm

„Ég er þekkt meðal vina minna fyrir að ganga óendanlega lengi í sömu fötunum,“ segir Brynhildur. „Ég á til dæmis einn kjól úr H&M sem ég keypti þegar ég var 15 ára. Ég hef því átt hann lengur en hálfu ævi mína. Ég á enn alveg einhverjar peysur, boli og kjóla sem ég hef sankað að mér síðastliðin tíu ár eða svo. Buxur eyðileggjast töluvert fyrr hjá mér, það kemur aaaalltaf gat í klofið.“

Uppáhaldsflík Brynhildar er sjóarakjöllinn hennar, sem hún



Brynhildur eyðir ekki miklu í föt og skilur ekki þá sem segjast ekki ætla að kaupa sér föt í eitt ár, hún hafi sleppt því heilu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Í kjölfar áttundu kynslóðar VW Golf kemur náfrændi hans Audi A3 í fimm dyra útfærslu. Líkt og í Golf verður rafmagnsútgáfa ekki í boði þar sem Audi er einnig að þróa sinn eigin rafbíl í svipuðum stærðarflokki sem kynntur verður á næsta ári. Nýr Audi A3 verður samt með fjölda véla og tvíinnútgáfa í boði líkt og í VW Golf og búast má við ennþá öflugri S3- og RS3-útgáfum í framhaldinu.

Öflugri Toyota GR Corolla kemur ekki fyrr en árið 2023

Að sögn tímaritsins Auto-Express er ekki von á nýjum Corolla í GR-útgáfu fyrr en 2023. GR Corolla mun nota sömu vél og í nýkynntum GR Yaris. Vélin er þriggja strokka 1,6 lítra vél sem skilar 268 hestöflum hvorki meira né minna. Að öllum líkindum verður GR Corolla einnig í boði með fjórhjóladrifinu sem þróað er í samvinnu við Mäkinen Racing. Líkt og í GR Yaris má búast við að GR Corolla verði með alveg nýja yfirbyggingu þótt billinn verði smíðaður á TNGA-undirvagninum. Þó má búast við fjölliða fjöðrun og fleiri breytingum. Þessi bíll mun fá harða

» TOYOTA GR COROLLA VERÐUR VÆNTANLEGA MEÐ SÖMU VÉL OG FJÓRHJÓLADRIF OG GR YARIS EN HÚN SKILAR 268 HESTÖFLUM

samkeppni frá nýjum Honda Civic Type R, Ford Focus RS og Hyundai i30 N þegar hann kemur á markað. Þar sem Corolla er stærri bíll en Yaris má jafnvel búast við tengiltvinnútgáfu en það er þó bara spádómur eins og stendur.



Á sýningarsvæði 7 er búið að gera stóra prófunarbraut innanhúss fyrir rafdrifnar útgáfur fimmtán bílategunda.



Andlitslyfting Civic Type R verður Evrópufrumsýnd í Genf.



Fyrstu myndir af sportlegum Audi A3 eru komnar fram á sjónarsviðið og vænta má enn kraftmeiri S3- og RS3-útgáfa innan skamms.

Nýr rafdrifinn Fiat 500

Fiat mun kynna rafútgáfu hins vinsæla Fiat 500 en njósnamyndir hafa sýnt að hann líkist mjög núverandi útgáfu hans. Hann verður samt á nýjum undirvagni og líklega er öflug, rafdrifin Abarth-útgáfa í kortunum líka. Honda kynnti nýlega andlitslyftingu á Civic og í Genf verður uppfærð útgáfa Type R kynnt til sögunnar. Sem betur fer er 316 hestafla forþjöppuvélin ennþá í boði með þreföldu þústkerfinu en billinn hefur fengið nýjan framenda auk uppfærslu á upplýsingakerfi. Mercedes mun kynna tengiltvinnútgáfur CLA og GLA í Genf. Báðir bílarnir verða í boði með 1,3 lítra bensínvél ásamt 101 hestafls rafmótor. Samtals skilar það 215 hestöflum og rafhlaðan mun duga fyrir allt að 58 km akstur.

911 Turbo frumsýndur

Margir biða eflaust spennir eftir nýjum Porsche 911 Turbo sem kynntur verður í Genf að öllum líkindum. Birst hafa nokkrar myndir af honum að undanförunu sem gefa til kynna að stutt sé í kynningu á honum. Nýr 911 Turbo fær nýjan loftdreifi undir bílnum og endurhönnuð loftinntök ásamt léttari álfelgum. Það sem skiptir þó mestu er að 3,8 lítra boxer-vélin fær nýjar forþjöppur sem mun skila honum meira afli og hámarkshraða.



Toyota sýndi frumútgáfu af Corollu GR á ráðstefnu í Amsterdam fyrir skömmu.

HÖFUM OPNAÐ NÝTT APÓTEK Í SKEIFUNNI 11



Við kynnum með stolti í fyrsta sinn á Íslandi
DERMA CENTER – húðvörur sem húðsjúkdómalæknar um allan heim hafa mælt með

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR



Nýjar náttúrulegar húðvörur úr Hemp olíu



TWISTSHAKE vörurnar eru framleiddar í Svíþjóð. Allir plastpelar, stútkönnur, snuð og aðrar vörur frá TWISTSHAKE eru BPA, BPS og BPF frjár

REYKJAVÍKUR  APÓTEK

SELJAVEGI – SKEIFU



Þetta er hausverkur en ótrúlega gaman, segir Ebba Katrín Finnsdóttir sem fer með nokkur hlutverk í Þitt eigið leikrit II – Tímaferðalag sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Þetta er engu líkt

Þitt eigið leikrit II – Tímaferðalag eftir Ævar Þór Benediktsson verður frumsýnt á föstudag. Áhorfendur velja framvinduna. Spannandi og skemmtilegt, segir Ebba Katrín Finnsdóttir leikkona.

ólíkum tímum, ýmist í fortíð eða framtíð, í þeirri von að geta bjargað mómmu sinni. Hún lendir í alls konar hættum á leiðinni.

Þarf að bregðast hratt við
„Ég leik Hönnu Önnudóttur sem er mamma Önnu Hönnudóttur, en einnig risarottu, frumkonu í,

barþjón í villta vestrinu og hjúkrunarfræðing. Það fer eftir því hvaða framvindu áhorfendur velja í hvaða hlutverk við dembum okkur,“ segir Ebba Katrín.

Leikararnir þurfa að læra heilmikinn texta sem nýtist ekki allur. „Þetta krefst þess að leikstjórnin sé skipulagður og við erum búin

ÞETTA MUN ALLT SMELLA OG SVO VERÐUR MAÐUR AÐ TREYSTA MÓTLEIKARANUM EF MAÐUR VILLIST EITTHVAÐ. ÞAÐ MÁ LÍKA SEGJA STOPP.

að vinna eins og hestar undir stjórn hins skipulagða Stefán Halls Stefánssonar. Þetta er engu líkt, við erum að æfa atriði sem verða kannski í sýningunni og kannski ekki. Leikari sem er utan sviðs fær 30 sekúndur til að fara í þann búning sem hentar atburðarásinni sem áhorfendur velja og leikari á sviðinu þarf að bregðast hratt við í hvert sinn sem áhorfendur velja nýja framvindu. Þetta er hausverkur en ótrúlega gaman. Maður er svo sannarlega á tænum. Þetta mun allt smella og svo verður maður að treysta mótleikaranum ef maður

villist eitthvað. Það má líka segja stopp. Það gerðist vist í fyrra að leikarar vissu ekki í einu atriði hvaða framvindu áhorfendur hefðu valið en það leystist farsællega.“

Smá hræðilegt

Ebba Katrín lék í barnasýningunum Matthildi og Hamlet litla og er spurð hvort hún finni mun á því að leika fyrir börn og fullorðna. „Maður þarf stundum að berjast fyrir athyglinni þegar maður leikur fyrir börn. Samt er þetta svipað. Við vanmetum stundum krakkana, þau eru svo klár og eiga skilið drama og grín og spennu alveg eins og fullorðið fólk.“

Undir lok æfinga voru krakkar í salnum. „Þá var mikill spenningur og stemning í salnum. Leikritið er fyrir áhorfendur á öllum aldri, það er spennandi og skemmtilegt en smá hræðilegt á köflum og þess vegna getur verið betra fyrir unga áhorfendur að koma í fylgd með fullorðnum,“ segir Ebba Katrín.

Ebba Katrín Finnsdóttir er meðal leikara í Þitt eigið leikrit II – Tímaferðalag, sem frumsýnt verður föstudaginn 14. febrúar í Kúlunni á Lindargötu. Sýningin kemur í kjölfarið á sýningunni Þitt eigið leikrit I – Goðsaga. Líkt og í fyrri sýningunni kjósa áhorfendur nú um framvinduna, leikritið getur því farið í mjög margar áttir og engin sýning er eins. Þetta er vitaskuld mjög krefjandi fyrir leikara, sem vita ekki fyrirfram hvaða framvindu áhorfendur munu velja. Þitt eigið leikrit II – Tímaferðalag er enn lengra og víðameira en Þitt eigið leikrit I – Goðsaga og búið er að þróa bæði tæknikerfi og kosningakerfi frá fyrri sýningunni.

Söguþráðurinn er á þá leið að Anna Hönnudóttir flakkar um á

Sigurbjörn listrænn stjórnandi HIMA

Sigurbjörn Bernharðsson, prófessor í fiðluleik við Oberlin Conservatory í Bandaríkjunum, hefur tekið við stöðu listræns stjórnanda Alþjóðlegu tónlistarakademiunnar í Hörpu (HIMA).

„Ég hef kennt á námskeiðum HIMA síðan 2016 og það er mér mikill heiður að taka við stjórnartaumunum á þessari frábæru tónlistarháttíð. Ég hef kennt og spilað á námskeiðum úti um allan heim í 20 ár og hlakka til að miðla af reynslu minni og kynna eigin hugmyndir. Markmið mitt er að styrkja stöðir hins öflugra tónlistarlífs og efla þá þjálfun sem ungir hljóðfæraleikarar fá nú þegar á Íslandi,“ segir Sigurbjörn.

Á ellefu dögum verða haldin tvö námskeið fyrir nemendur á fiðlu, víólu og selló: yngri deild fyrir nemendur á aldrinum 7 til 12 ára og eldri deild fyrir nema á aldrinum 13 ára og eldri. Blásturshljóðfæraleikurum býðst einnig að taka þátt í kammer-



Sigurbjörn Bernharðsson, prófessor í fiðluleik. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

tónlist eldri deildar. Í báðum deildum munu nemendur fá einkatíma daglega, kammerþjálfun daglega, masterklassa, meðleikstíma, spila á einleiks- og kammertónleikum, og fyrirlestra í markmiðasetningu og æfingatækni. Einnig verður boðið upp á námskeið fyrir pianónemendur.

HIMA, í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, ætlar að bjóða einum nemanda í eldri deild að leika einleik á Tónsprotatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september. Þetta er nýjung í starfsemi HIMA og verður prufuspil haldið 9. júní.

Fráfarandi listrænn stjórnandi Hinnar alþjóðlegu tónlistarakademiú, Lin Wei, verður áfram formaður stjórnar og gegnir ráðgjafahlutverki.

Alþjóðlega tónlistarakademián verður haldin í sumar, dagana 9. til 20. júní, 2020. Umsóknarfrestur er til 1. mars. – kb

Búningar

Okkar fókus

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

13. FEBRÚAR 2020

Orðsins list

Hvað? Líðan eftir barnsburð
Hvar? Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6
Hvenær? 10.00
Hulda Jónsdóttir Tölgyes sálfræðingur flytur erindi um líðan eftir barnsburð. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Þær leggja líf sitt að veði
Hvenær? 12.00-13.00
Hvar? Þjóðminjasafnið Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor fjallar um kvenlega ásýnd náttúruverndar í Rómönsku Ameríku. Fyrirlesturinn er öllum opinn endurgjaldslaus.

Hvað? Efnaferlar áls (Al)
Hvenær? 12.30
Hvar? Skúlagata 4, jarðhæð Iwona Monika Galeczka, sérfræðingur við HÍ og á Ísor, fjallar um efnaferla áls (Al) í þremur ám á Íslandi bæði við náttúrulegar aðstæður og í kjölfar eldsumbrota. Erindið er á ensku og öllum opið.

Hvað? Ljóðakaffi – Kristín Svava og skáldsystur
Hvenær? 17.30
Hvar? Borgarbókasafnið Kringlunni Kristín Svava býður Ástu Fanneyju Sigurðardóttur, Fríðu Ísberg og Þórdísi Gísladóttur að framreiða með sér myndin og freyðandi ljóð.

Hvað? Kínversk alþýðumenning
Hvenær? 17.30
Hvar? Veröld – hús Vigðisar, stofa VHV-007 í kjallara Doktor Huimin Qi fjallar um dreka og tígur sem hafa djúpstæða merkingu í kínverskri menningu.

Myndlist

Hvað? Sýning
Hvenær? 17.00
Hvar? Kringlan 2. hæð, við hlið Nova Laufey Arnalds Johansen sýnir ný og eldri verk úr Áróra seríu og Vúllkan seríu sem voru á sýningum í París og Mílanó. Léttar veitingar.

Hvað? Sýningaropnun
Hvenær? 20.00
Hvar? Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi Sýning á verkum bandaríska myndlistarmannsins Sol LeWitt.

Tónlist

Hvað? Söngur og strengir
Hvenær? 12.00-12.30
Hvar? Frikirkjan í Reykjavík Jóhanna Elísa, Ester Petra Steina Kristín, Soffía Jónsdóttir og Sigmar Þór flytja dægurlög með klassískum áhrifum eftir Jóhönnu Elísu. Aðgangseyrir er 1.500, ekki er tekið við greiðslukortum.

Hvað? Sítio Nascente
Hvenær? 20.00-21.00
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg Brasilíumennirnir Pedro Vieira og Daniel Zivko, sem nefna sig Píracema dúóíð, efna til tónleika. Miðaverð 3.500.

Hvað? 20's dansparty
Hvenær? 20.00.
Hvar? Hard Rock, Lækjargötu Fram koma Friðrik Agni og Anna Claessen úr Dans & kúltúr, Burl-

esque-stjarnan Maria Callista, Lalli töframaður og Alla Rún danskennari. Miðaverð 2.000 krónur.

Hvað? Swing, Latin & Bolero
Hvenær? 21.00-23.00
Hvar? Petersen svítan, Ingólfsstræti Geir Ólafs ásamt hljómsveit: Sigfús Óttarsson trommur, Bjarni Sveinbjörnsson bassi, Þórir Baldursson pianó. Fritt inn.

Dans

Hvað? Sveifludanshátíðin Lindy on Ice
Hvenær? 21.00



Huimin Qi fjallar um merkingu drekans og tígursins í Veröld – húsi Vigðisar.

Hvar? Flúðir
Á hátíðinni verður boðið upp á sóló-djass og lindy hop kennslu undir leiðsögn erlendra sveifludansara. Djass-hljómsveitir leika fyrir dansi. Þetta er fyrsta kvöldið af þremur á Flúðum.

Aðrir viðburðir

Hvað? Þoravaka
Hvenær? 20.00
Hvar? Kirkjuvoll, safnaðarheimili Vídalínskirkju Kvennakór Garðabæjar verður með dagskrá í tali og tónum.



Eftirréttir

Fyrir eftirlætis manneskjuna í þínu lífi

Ljúffeng og freistandi konudagsostakaka
bíður þín í næstu verslun





HVITA HÚST / SÍA - 16-0428

BAUHAUS®

Allt að
70%
afsláttur
af öllu parketi sem hættir í sölu

Mv. almennt verð

Allt að
70%
afsláttur
af öllum flísum sem hætta í sölu

Mv. almennt verð

EKKI MISSA AF LAGERHREINSUN BAUHAUS



Allt að
50%
afsláttur
af öllum garð- og verkfærum
sem hætta í sölu

Mv. almennt verð



30%
afsláttur

af Camargue Skárgård bað-
innréttingum og sturtupíljum

Mv. almennt verð



OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Ert þú búinn að kynna þér verðvernd BAUHAUS?



Hjá BAUHAUS getur þú verið viss um að fá alltaf lægsta verðið á markaðnum!

Þess vegna erum við með verðvernd. Það þýðir að ef þú finnur sömu vöru ódýrari hjá samkeppnisaðila okkar lækkum við okkar verð. Þú finnur nánari upplýsingar inn á heimasíðu okkar: bauhaus.is/verðvernd.

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Lagerhreinsun af völdum vörum og vörum sem hætta í sölu. Komdu og gerðu frábær kaup! Takmarkað magn.

Allt að
70%
afsláttur
af smávöru fyrir baðherbergi

Mv. almennt verð

Allt að
50%
afsláttur
af grillum og káminum
sem hætta í sölu

Mv. almennt verð

Lagerhreinsun

Tilboð á lagerhreinsun gilda til og með sunnudeginum 16. febrúar.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!



Fimmtudagur

hopster



Barnaefni á íslensku



Efnisveitan Hopster

Þættir, leikir og fræðsla fyrir yngstu börnin í sjónvarpinu og snjalltækinu. Allt efni með íslensku tali og engar auglýsingar.

Tryggðu þér áskrift á vodafone.is



HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Vikurfréttu Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Um-sjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernir með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Heilsugæslan Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1994 MA - VMA
14.00 Landinn 2010-2011
14.30 Ævi - Bernska Í þessum þætti er fjallað um bernskuna. Hvað tekst maður á við á þessum tíma, bæði líkamlega og andlega? Hvað er best við það að vera barn? Og hvað er ekki eins gott? Proskasálfræðingur og lækni útskýra þroska mannsins á fyrstu tólf árum ævinnar og við verðum vitni að fyrstu andartökunum í lífi splunkunýrrar manneskju.
15.00 Sagan bak við smellinn - Killing Me Softly
15.30 Örkin
16.05 Lestarklefinn
17.00 Matarspæjararnir
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.16 Anna og vélmennin
18.38 Handboltaáskorunin
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Rick Stein og franska eldhúsið
21.10 Vinkonur Girlfriends
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Okkar á milli
22.50 Á önglinum Koukussa II Önnur þáttaröð þessara finnsku glæpaþátta um fíkniefnalögreglu-manninn Oskari, barnsmóður hans og fyrrverandi eiturlyfjafíkilinn Kristu og afskipti þeirra af undirheimum Helsinki.
23.40 Brot
00.25 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.40 AT&T Pebble Beach Pro-Am Útsending frá AT&T Pebble Beach Pro-Am.
12.40 PGA Highlights
13.35 ISPS Handa Women's Australian Open
18.35 Inside the PGA Skyggst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.
19.00 The Genesis Invitational Bein útsending frá The Genesis Invitational.
23.05 Diamond Resorts Tournament of Champions Útsending frá Diamond Resorts Tournament of Champions.
02.00 ISPS Handa Women's Australian Open Bein útsending frá ISPS Handa Women's Australian Open.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 A.P. BIO
15.20 This Is Us
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 American Housewife
19.40 Single Parents
20.10 Top Gear. Winter Blunderland
21.00 The Resident
21.50 Emergence
22.35 Love Island
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 Law and Order. Special Victims Unit
01.35 Wisting
02.20 Perpetual Grace LTD Mögnuð þáttaröð um svikahrapp sem mætir ofjarli sínum þegar hann velur prest sem næsta fórnarlamb.
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp UngRÚV Upptakturinn 2019 - Guðný og Guðlaug
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Passíusálmur (3 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.50 The Circle
12.40 Carrie Pilby
14.15 Brad's Status
15.55 The Circle
17.45 Carrie Pilby
19.20 Brad's Status
21.00 Man of Steel
23.20 The Meg
01.10 Max Steel
02.40 Crossfire
04.10 Man of Steel

STÖÐ 2

08.00 Kevin Can Wait
08.25 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.10 Hand i hand
10.55 Veep
11.20 Deception
12.05 Dýraspítallinn
12.35 Nágrannar
13.00 Two Brother
14.40 Lego Ninjago Movie
16.20 Í eldhúsi Evu
16.50 The Mindy Project
17.15 Making Child Prodigies
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Curb Your Enthusiasm
19.45 Battle of the Fittest Couples
20.30 NCIS
21.15 S.W.A.T.
22.00 Magnum P.I.
22.45 Real Time With Bill Maher
23.45 The Sinner
00.30 Prodigal Son
01.15 Game Of Thrones
02.10 Game Of Thrones
03.05 Game Of Thrones
04.05 Game Of Thrones
04.55 Game Of Thrones Fimmta þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.

STÖÐ 3

19.10 The Big Bang Theory
19.35 Fresh Off The Boat
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 I Love You, Now Die
22.10 I Love You, Now Die
23.10 Outlander
00.10 The Simpsons
00.35 American Dad
01.00 Fresh Off The Boat
01.25 Seinfeld
01.50 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Hellas Verona - Juventus Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
08.40 Brescia - Udinese Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
10.20 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
10.50 Osasuna - Real Madrid Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
12.30 Real Sociedad - Athletic Club Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
14.10 Spænsku mörkin Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
14.40 Real Betis - Barcelona Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
16.20 ÍA - KR Útsending frá leik í Lengjubíkar karla.
18.00 ÍR - Fram Útsending frá leik í Ólís deild karla.
19.30 Seinni bylgjan
21.00 Annáll 2019. Íslensk knattspyrna karla
23.05 Wigan - Preston North End Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
00.45 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



MJÚKÍS ÁRSINS 2020

Mjúkis



— MED —
KARAMELLUSÓSU,
SAMBÓ-LAKKRÍS & SÚKKULAÐI

1L



Fullkomnaðu vel heppnaða máltíð með Mjúkis ársins 2020. Dásamlegur ís með karamellusósu, Sambó-lakkrís og súkkulaði. Ómótstæðilegur ís sem hæfir góðri máltíð — og þér líka.

Vart þverfótað fyrir stjórnnum á nýjustu sýningu Tom Ford

Tom Ford sýndi nýjustu línu sína í Los Angeles við góðar viðtökur. Allar helstu stórstjörnurnar voru mættar, þar á meðal ríkasti maður heims, Jeff Bezos, og Anne Wintour, ritstýra Vogue.

Hönnuðurinn Tom Ford sýndi nýjustu línu sína í Los Angeles þrátt fyrir að sýningin væri partur af Tískuvíkunni í New York. Tom Ford stofnaði sam-

nefnt merki árið 2006 en áður hafði hann starfað sem listrænn stjórnandi hjá Gucci og Yves Saint Laurent við góðan orðstír. Það var þétt setið á sýningunni, enda flest stórstirnir mætt til borgarinnar vegna Óskarsverðlaunanna. Jeff Bezos, ríkasti

maður heims, mætti með kærustu sinni Lauren Sanchez og sátu þau á fremsta bekk ásamt ritstýru bandaríska Vogue, Önnu Wintour. Ofurfyrirsætarnar Bella Hadid og Kendall Jenner tóku þátt í sýningunni. steingerdur@frettabladid.is

Sýningar Tom eru alltaf vel sóttar af fræga fólkinu enda er hönnuðurinn vinmargur og vinsæll.



Jeff Bezos, ríkasti maður heims, mætti galvaskur á sýninguna með kærustu sinni Lauren Sanchez.

Ritstýra virtasta tiskutimarits heims, Vogue, gerði sér ferð til Los Angeles í miðri tiskuvíku í New York.



Renée Zellweger heilsar hjónakornunum Jason Momoa og Lisu Bonet og leikkonunni Kate Hudson.



Joe Alwyn, kærasti söngkonunnar Taylor Swift, er ekki mikið fyrir sviðljósið en lét sig þó ekki vanta.

Eftir sýninguna þurfti söngkonan Ciara að fá eiginmann sinn Russell Wilson til að klippa sig úr kjólnum því rennilásinn bilaði, samkvæmt innleggi hennar á Instagram.




Ef spár Tom rætast verða áberandi og stórir eyrnalokkar áfram í tísku.



Ofurfyrirsætán Kendall Jenner var ein þeirra sem gengu þarna fyrir Tom Ford.



Margar af þekktustu fyrirsætum heims gerðu sér ferð til Los Angeles í miðri tiskuvíkunni í New York til að geta sýnt fyrir Tom.



The Grapes of Wrath
Flokkur fólksins

Þrúgur reiðinnar spretta og dafna í frjóum jarðveginum sem Flokkur fólksins vökrar með tárur leiðtogans sem, eins og Tom Joad, má ekkert aumt sjá og snöggreiðist þegar hungrað fólk slæst um brauð og löggan lemur á mótmælendum. Einurðin í baráttunni jafnast líka á við hörkuna í öreigum Steinbecks sem héldu áfram þótt einhverjir heltust úr lestinni.



Deliverance
Samfylkingin

Vel haldnir háskólaborgarar og hálaunalið sem nýtur alls þess besta sem höfuðborg lattélepjandi jafnaðarelitunnar sem hefur gleymt því að hún stendur á ójafnlaunavottuðum og signum herðum verkalýðsins bregður sér af bæ. Rómantíkin snarrennur af kalli óbyggðanna þegar kratarnir sigla inn í sína verstu martröð: Fund með sauðsvörtum almúganum.


Þingmenn úti að aka...

Framsóknarflokkurinn stal senunni með vísun í kvikmynd um fólk á barmi taugaáfalls með slíkum árangri að andstæðingarnir hljóta að íhuga sömu fjallabaksleið í næstu hringferð.

Kjördæma dögum lýkur í dag en þingfólk nýtir þá til þess að fara um kjördæmi sín og hitta sveitarstjórnarfolk, fulltrúa fyrirtækja og þá kjósendur sem hugsanlega hafa áhuga á að eiga við þau orðastað. Framsóknar-


flokknum tókst að skyggja á hina þingflokkana sjö með mjög óvæntri og mögulega djúpsálfræðilegri auglýsingu byggðri á plakati Little Miss Sunshine og mun líklega halda stjórn mála- og bókmenntafræðingum við efnið um ókomin ár. Hvað var það minn kærni sem þú vildir okkur segja, þú frægi skritni XB?

Þetta virkaði óháð því hvort þetta var útpælt eða klassískur klaufaskapur. Ráðgátur heilla og upplagt fyrir hina að elta í næstu umferð þar sem enginn skortur er á margræðum vegamyndum með pólitískar skírskotanir og síðast en ekki síst áhrifarík plaköt. toti@frettabladid.is



Smultronstället
Sjálfstæðisflokkurinn

Þegar maður er orðinn svo gamall að helstu afrekin hafa fengið á sig þjóðsagnablæ og vöðvamassinn rýrnað úr 48% niður í rétt rúm 20% er ekki furða að bergmaniskur drungi og þunglyndi hellist yfir þegar fornar frægðar er leitað á órannsakalegum vegum kjósenda. Villt jarðarber og jafnvel humarhalar bragðast ósköp sænskt eitthvað þegar fortíðardraugur Bergmans horfir fýldur, þrjúskur og sjálfhverfur um öxl.



Into The Wild
VG

Sönn saga um hóp sem segir skilið við allar hugmyndafræðilegar eignir sínar og heldur út í óvissuna í því sem reynist slíkt feigðarflan að orlagasagan er rakin í minningarleiftrum og endurliti í stórkostlegu landslagi. Á þessum hættuslóðum verða ýmsar uppkomur sem valda verulegum breytingum á flakkaranam sem biður þess seint bætur þegar út úr þökunni liður kynjamynd með helblátt járn.



Pirates of the Caribbean
Píratar

Yarr! Píratararnir voru brakandi ferskir og jafnvel flippaðir þegar þeir lögðu á pólitískt öldurótið en veltingur áhafnarinnar á strúktúrflötu þilfarinu fer að vekja álíka velgju og Johnny Depp þegar hann reynir að halda sjó eftir að hinar upprunalegu stjórnurnar eru stokknar frá borði. Áttavittinn góði sem vísaði alltaf í rétta átt og beint á rommið hringsnýst nú á milli síðareglna og mislitra sokka hásetans sem liður illa í skóm.



The Hills Have Eyes
Miðflokkurinn

Endurgerð hinnar sígildu hryllingsmyndar getur ekki klickað hjá flokki sem gæti talist endurgerð Framsóknarflokksins bara með aðeins djarfari leikstjóra. Vænisiyki fjölskyldunnar sem er á leið til fyrirheitna landsins Kaliforníu er ekki ástæðulaus þar sem í ljós kemur að fjöllin hafa vakað og haft ill augu á henni þegar hópurinn ekur í flasið á snælduklikkuðum og stökkbreyttum mannætum með alvarlegan hegðunarvanda vegna toxoplasma-sýkingar eftir ofneyslu stera og hormóna í innfluttu kjöti.



Eurotrip
Viðreisn

Eftir erfið og dramatísk sambandsslit er upplagt að tékka aðeins á þýsku pennavinkonunni og draga vinnu sína með sér í óvissuferð um Evrópu í leit að ást, hamingju og tilgangi.

Skimun fyrir lungnakrabbameini

Slík meín eru annaðhvort annað eða þriðja algengasta meín karla og kvenna hérlendis og eru í meiri hluta tilfella tengd reykingasögu einstaklings. Það liggja nú fyrir óyggjandi gögn um að það sé bæði skynsamlegt og þjóðhagslega hagkvæmt að skima fyrir lungnakrabbameini. Á Íslandi greinast að meðaltali síðustu árin um 170 einstaklingar með slík meín og er það svo að í talsverðum hluta þeirra finnst meinið seint, sem skapar verulega mikið meiri líkur á því að meðferð geti reynst erfið eða jafnvel ómöguleg.



Einkenni lungnameins geta á byrjunarstigi verið lítil sem engin, en í meirihuta tilvika er hósti sem er þrálátur og ekki endilega með uppgangi. Þeir sem hósta upp blóði eru oftast en ekki með lengra genginn sjúkdóm eða undirliggjandi sýkingu eða bólgu. Hæsi eða raddbreyting og síðan svokölluð

B-einkenni sem eru lystarleysi, þyngdartap og hiti eru alvarlegri einkenni sem geta bent til sjúkdóms sem er orðinn þróaðri. Áhættan á lungnameini minnkar stórkostlega við það að hætta að reykja og eru til tölur um það að hún geti allt að helmingast 10 árum frá því viðkomandi hætti. Það er því aldrei, eða nánast aldrei, of seint að hætta og ætti að vinna öllum árum að því. Okkur hefur gengið vel á Íslandi að draga úr reykingum en betur má ef duga skal. Ýmsir þættir til viðbótar við reykingar hafa áhrif á þróun meina og má nefna að efni eins og asbest sem var alræmt á árum áður en er í lítilli notkun í dag, mengun og álag á lungu og svo Radon eru áhættuþættir til viðbótar við erfdir. Þeir sem eru einkennalausir einstaklingar í dag en eru orðnir 55 ára eða eldri og hafa reykt í að minnsta kosti 30 pakkár, en það jafngildir einum pakka á

dag í 30 ár og þeir sem hafa náð 55 ára aldrinum en hafa hætt að reykja fyrir 15 árum eða skemur eru sá hópur sem ætti að skima fyrir lungnameini. Það er enginn staður í dag sem gerir slíka skoðun og framkvæmir með reglubundnu eftirliti en það mun breytast. Það má ekki gleyma því samt að þeir sem reykja og eru með einkenni ættu að huga að því að láta fylgjast vel með lungunum og jafnvel fá skoðun, það er ekkert lögmál að þurfa að vera orðinn 55 ára eða eldri til þess að greinast með lungnakrabbamein. Það er hægt að greinast mun yngri, en skilgreiningin á skimun byggir á þessum aldri og til 75 ára. Skimunin fer fram með tölvusneiðmyndatækni sem er af lágu geislunarálagi og er endurtekin reglulega eða á eins til tveggja ára fresti eftir því hvaða leiðbeiningar eru skoðaðar. Ef það finnst hnútar eða breytingar á mynd er viðkomandi vísað til

sérfræðiteymis sem gerir frekari rannsóknir til að átta sig á því um hvaða tegund meins ræðir. Þá er líka hægt að átta sig á meðferðarmöguleikum og næstu skrefum. Í flestum tilvikum er um að ræða skurðaðgerð sem er beitt ef á að reyna lækna meðferð, lyfja- og geislameðferð er einnig hluti í mörgum tilvikum og í þeim verstu þar sem ekki er um læknað nálgun að ræða er veitt stuðningsmeðferð til viðbótar við þá meðferð sem talin er fýsileg hverju sinni. Látum ekki koma aftan að okkur með slíkan vanda, við ættum að koma á skimun á þessum meinum og utunumhaldi öllum til góða.

Teitur Guðmundsson
læknir



Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_
capacent.is

Þetta hefur gjörbreytt lífi mínu

Sólborg setur viðburðinn Milljarður rís í Hörpu á morgun. Hún er í fremstu víglinu í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og heldur úti síðunni Fávitar. Þar birtir hún dæmi um stafrænt ofbeldi og sýnir þolendum stuðning.

Tónlistar- og baráttukonan Sólborg Guðbrandsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli landsmanna fyrir djörfung og dugnað í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Hún heldur úti síðunni Fávitar á samskiptamiðlinum Instagram þar sem hún er með rúmlega 25 þúsund fylgjendur. Á síðunni birtir Sólborg skjáskot af dæmum um stafrænt ofbeldi, ásamt því að birta hughreystandi orð til þolenda. Hún hefur verið forkölfur í baráttunni hérlendis gegn kynbundnu ofbeldi, en hún mun setja viðburðinn Milljarður rís sem fram fer í Hörpu á morgun.

„Hugmyndin kemur frá sænskri Instagram-síðu sem heitir Assholes Online sem Linnéa Claeson heldur úti. Vinur minn benti mér á hana og saman fórum við af stað með þetta verkefni. Við vorum bara orðin svo þreytt á normaliseringunni á kynferðislegri áreitni í samfélaginu okkar og þá sérstaklega stafræna ofbeldinu. Ég hélt svo áfram með þetta og síðan hefur stækkað gríðarlega síðustu ár,“ segir Sólborg.

Tímafrekt en mikilvægt

Sólborg gerði sér engan veginn í hugarlund hve hratt verkefnið myndi vinda upp á sig.

„Nei, ég gerði mér engan veginn grein fyrir því. Þetta hefur gjörbreytt lífinu mínu. Þetta byrjaði sem nokkur skjáskot á Instagram en í dag er þetta vinnan mín og það sem ég ver stærstum hluta af lífinu mínu í. Ég hef reynt að taka þetta einn dag í einu. Fyrir einu og hálfu ári síðan voru sex þúsund fylgjendur á síðunni. Í dag eru þeir rúmlega 26 þúsund. En ég má líka eiga það að ég er búin að vera hörkudugleg við það að gera síðuna sem sýnilegasta í samfélaginu okkar. Ég ver tíma á hverjum einasta degi í að svara skilaboðum þar inn á eða skrifa færslur, mæta í viðtöl til fjölmiðla og svo hef ég síðastliðið ár ferðast um landið og rætt kynferðisofbeldi við þúsundir Íslendinga. Þetta gerðist ekki af sjálfu sér en ég er aftur á móti virkilega þakklát fyrir samstöðuna. Hún skiptir máli,“ segir hún.

Allt þess virði

Sólborg segir jákvæðu viðbrögðin algjörlega gera það þess virði að standa í þessu, þrátt fyrir fyrir allt mótlætið.

„Alveg hundrað prósent. Ég fæ



Sólborg setur viðburðinn Milljarður rís í hádeginu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

miklu meiri ást heldur en nokkurn tímann hatur og það er það sem skiptir mestu máli. Fylgjendurnir mínir standa algjörlega við bakið á mér og peppa mig áfram og þau vita það líka að á móti er ég til staðar fyrir þau. Fólk er oft hrætt við breytingar en staðnað samfélag er eitthvað sem við ættum ekki að sætta okkur við, þó óvissan um það hvað taki við geti oft verið stress-

Milljarður rís

Tónlistarstjóri Milljarður rís er DJ Margeir en fram koma Elísabet Ormslev, Ellen Kristjánsdóttir, Hera Björk, Mattildur, Sigga Beinteins, Sigríður Thorlacius, Sisi Ey, Sólborg Guðbrands og Tara Mobee.

andi. Við getum stöðugt verið að bæta okkur. Þetta snýst ekki um að vera fullkominn, heldur að átta sig á þeim mistökum við sem gerum sem manneskjur, reyna að læra af þeim og gera þá betur næst,“ segir hún.

Sólborg viðurkennir þó að það geti tekið á andlega að helga sig málstaðnum á þennan hátt.

„Það getur gert það en ég er að læra það að setja sjálfri mér skýrari

FÓLK ER OFT HRÆTT VIÐ BREYTINGAR EN STAÐNAÐ SAMFÉLAG ER EITTHVAÐ SEM VIÐ ÆTTUM EKKI AÐ SÆTTA OKKUR VIÐ.

mörk, bæði varðandi það hversu miklum tíma ég ver í þetta á hverjum degi og hvenær ég geri það. Ég get ekki hjálpað öðrum þegar ég er ekki á góðum stað andlega sjálf. Það er því mikilvægt að bakka frá þegar maður treystir sér ekki til að standa í baráttunni, hlúa vel að sjálfum sér og koma svo aftur til baka þegar maður hefur safnað kröftum. Svo mæli ég hiklaust með því að hafa góðan sálfræðing á kantinum og gott fólk sem grípur mann og kemur manni aftur á jörðina,“ segir hún.

Mikill heiður

Milljarður rís fer fram í áttunda sinn í Hörpu á morgun. Sólborg segist upplifa það sem mikinn heiður að vera fengin til að opna hátíðina.

„Það er algjör heiður. UN Women hefur gert svo ólýsanlega mikilvæga hluti til að valdefla konur um allan heim og ég er glöð að fá tækifæri til að gera þetta með þeim. Ég er þeim virkilega þakklát.

Viðburðurinn snýst náttúrulega fyrst og fremst um að sýna samstöðu með brotaþolum ofbeldis. Þriðja hver kona í heiminum í dag verður fyrir ofbeldi og það er óásættanleg staða. Ég ætla að mæta til að einmitt gera það, sýna konum að ég sé með þeim í liði, ég flyt svo ræðu og set hátíðina. Ætli ég endi svo ekki á dansgólfinu að sýna nokkur misgóð dansspor og gleðjast yfir kraftinum sem á eftir að myndast í Hörpu. Þegar sterkar konur með markmið koma saman geta magnaðir hlutir gerst,“ segir Sólborg.

Hverju má fólk búast við á viðburðinum?

„Samstöðu, krafti, alls konar tilfinningum, rassadilli, góðri tónlist og drottningarstælum. Allt eins og það á að vera.“

Milljarður rís hefst í Hörpu á morgun klukkan 12.15 og eru allir velkomnir til að dansa gegn ofbeldi. Ókeypis aðgangur og leggja má gjaldfrjálst á meðan húsrúm leyfir. steingerdur@frettabladid.is



BEIN ÚTSENDING // OPIN DAGSKRÁ

FM957 **BYLGJAN** 989 X 97.7

Silfurberg, Harpa

hústenda verðlaunin 2020

TAKTU ÞÁTT Í VALINU

VISIR

04
03
20

BYKO

Komdu og gramsaðu!

MARKAÐS-DAGAR ERU BYRJADIR

Við bætum við nýjum vörum daglega.

Gerðu frábær kaup!

Birt með fyrirvara um prentviltur og/ella myndabrengl.

Nýtt blað á byko.is

Ljós | Málning | Verkfæri | JKE innréttingar
Parket & flísar | Eldhús & bað

Frábær tilboð



Öll innimálning

20% afsláttur

vegg- og loftmálning

Tilboðsverð

Minta

Eldhústæki með hárrí sveiflu, krómað.

18%

24.496

15332917

Almennt verð: 29.995



19%

Tilboðsverð

Áltrappa

2 þrep.

3.500

50170182

Almennt verð: 4.315

**BOSCH**

Invented for life

24%

Tilboðsverð

Háþrýstidæla

Aquatak 150bör.

60.000

74810250

Almennt verð: 78.745

**Einhell**

Tilboðsverð

Sláttuvél

GC-PM 46/3 S 2,0kW.

50%

35.000

748300653

Almennt verð: 69.995



40%

Tilboðsverð

Geislahitari

600W hangandi.

6.000

50615006

Almennt verð: 9.995

**Broil King**

Great Barbecues Every Time

52%

Tilboðsverð

Gasgrill

MONARCH 390. Ryðfrítt eldunar-kerfi. Grillgrindur úr pottjárni.

60.000

50657509

Almennt verð: 123.995

Kílóvött
8,8Brennarar
3+2ÍSLENSKA
ÁNÆGJU OGIN

Ánægðustu viðskiptavinirnir þriðja árið í röð!*

Takk aftur!

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018 og 2019 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is



BAKÞANKAR

Thomasar
Möller



Hálf milljón fyrir einn þorsk

Ísland hefur á rúmri öld breyst úr einu fátækasta landi Evrópu í eitt af þeim ríkustu. Þessi velferð okkar hefur oft byggst á heppni frekar en fyrirhyggju. Síðustu áratugir hafa verið röð af „tilfallandi búhnykkjum“ eins og það var orðað í Silfrinu nýlega. Fyrst kom sildin, svo kom stríðið, síðan Kaninn og Marshallaðstoðin. Svo kom sildin aftur, síðan kom hækun álverðs og fiskverðs, netbóla og bankabóla, makrill og loðna. Síðan komu ferðamenn sem er nýjasti búhnykkurinn.

Við verðum að byggja hagsæld okkar í auknum mæli á hugviti og nýsköpun í stað náttúruauðlinda og heppni.

Nýlega var viðtal í Fréttablaðinu við Guðmund Sigurjónsson, forstjóra Kerecis, sem framleiðir sáraumbúðir úr þorskroði. Kerecis tekst að búa til verðmæti sem nema um hálfri milljón króna úr hverjum þorski. Það er um hundrað sinnum meiri tekjur af hverjum þorski en hann gefur af sér við hefðbundna framleiðslu. Hugvitið mun skipta sköpum fyrir hagvöxt á næstu árum. Það þarf fleiri svona fyrirtæki til að efla lífsgjörin hér.

Samtök iðnaðarins hafa til-einkað árið 2020 nýsköpun. Á sama tíma kemur fram að meirihluti svarenda í könnun Gallups meðal um 750 frumkvöðla telur að Ísland sé ekki góður staður fyrir fyrirtæki í örur vexti eða alþjóðleg nýsköpunarfyrirtæki. Í könnuninni kom fram að 73,5 prósent svarenda töldu sérislenskan gjaldmiðil hafa neikvæð áhrif á rekstur síns fyrirtækis.

Ef þetta er skoðun frumkvöðlanna þurfa stjórnvöld að gjörbreyta rekstrarumhverfi nýsköpunar. Annars gætum við þurft að reida okkur áfram á tilfallandi búhnykki.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

FRELSAÐU
ANDANN



SMINT®

SYKURLAUST

SÓMI



Hummusinn frá Sóma

★ GERIR KRAFTAVERK ★
— FYRIR DAGLEGT BRAUÐ —

FERSKT Á FERÐINI ★ FRESH TO GO

